Jakobína Thorarensen	22 921	
Jóhanna Jónsdóttir	25 947	
Jóhanna Vigfúsdóttir	13 752	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	25 067	
Jónína Ásmundsdóttir	13 362	
Jónína Kristjánsdóttir	34 383	
Karen Louise Jónsson	34 383	
Katrín Sveinsdóttir	41 259	
Kolbrún Jónsdóttir	68 764	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Kristín Helgadóttir	13 362	
Kristín Pálmadóttir	27 506	
Kristín Pálsdóttir	14 594	
Kristjana Bjarnadóttir	13 362	
Kristjana G. Einarsdóttir	16 702	
Kristólína Kragh	13 752	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	22 024	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	18 337	
Lára Svansdóttir	13 752	
Lára M. Vigfúsdóttir	45 843	
Lelía Stefánsson	68 764	
Lilja H. Arndal	45 843	
Lilja Eyþórsdóttir	41 318	
Lilja Jörundsdóttir	27 506	
Lilja Steinsen	80 225	
Lovísa Sveinbjörnsson	91 133	
Lydia Einarsson	57 304	
Mabel Sigurjónsson	45 843	
Magdalena Ásgeirsdóttir	13 752	
Málfríður Bjarnadóttir	13 752	
Margrét Árnadóttir	34 383	
Margrét Björnsdóttir	17 490	
Margrét Eyjólfssdóttir	27 506	
Margrét Guðbrandsdóttir	41 259	
Margrét Jónasdóttir	57 304	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	38 058	

	Kr.	Kr.
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	13 752	
Margrét L. Lárusdóttir	13 752	
María Guðlaugsson	21 485	
Marta Oddsdóttir	13 752	
Melitta Urbancic	21 862	
Ólafía Finnbogadóttir	13 752	
Olga E. Jónsson	25 947	
Ólög Bjarnadóttir	36 327	
Petrína Ottesen	34 382	
Ragnheiður Hafstein	55 011	
Ragnheiður Konráðsdóttir	22 921	
Rannveig Tómasdóttir	17 459	
Rósa Jónsdóttir	13 752	
Rósa Þórarinsdóttir	22 921	
Sigríður Árnadóttir	82 517	
Sigríður Bjarnason	58 301	
Sigríður Einarsson	89 521	
Sigríður Gísladóttir	13 752	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum	44 263	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvitadal	14 594	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar ..	27 506	
Sigrún Sigurbjörnsdóttir	34 383	
Sigrún Thorarensen	18 337	
Sigurbjörg Jónsdóttir	13 862	
Sigurlaug Jónsdóttir	34 383	
Sigurlaug Sigurðardóttir	27 506	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	25 947	
Sólveig Eggerz	76 951	
Stefanía Stefánsdóttir	28 542	
Steinunn P. Eyjólfsson	15 468	
Steinunn Tómasdóttir	22 921	
Svanborg Jónsdóttir	13 382	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	22 921	
Sveindís Hansdóttir	13 752	
Unnur Skúladóttir	55 672	
Valborg Einarsson	29 097	
Valgerður Helgadóttir	22 954	
Valgerður Ólafsdóttir	20 760	
Vigdís Guðmundsdóttir	27 506	
Þóra Magnúsdóttir	18 337	
Þóra Sigfúsdóttir	13 752	
Þóra Sigurðardóttir	13 752	
Þóra Skaftason	13 752	
Þorbjörg Kjartansdóttir	34 383	
Þorbjörg Sigmundsdóttir	29 097	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	20 630	
Þórey Jóhannsdóttir	13 752	
Barnastyrkur:		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16. júlí 1924, sjúklingur ..	13 752	

Samtals

4 461 946

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við gerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1970 var fylgt þeirri megin stefnu að takmarka svo útgjöld ríkissjóðs, að fjárlög gætu orðið afgreidd greiðsluhallalaus án nokkurra nýrra skatta. Hefur þetta því aðeins getað tekizt, að allar nýjar fjárveitinga- beiðnir hafa verið lagðar til hliðar, nema þegar athugun hefur leitt í ljós, að um óumflýjanleg útgjöld væri að ræða til að forðast vandræði eða til að veita brýna þjónustu og þá oft með bætt skipulag í huga. Ekki er lagt til að skerða að neinu leyti þá þjónustu, sem ríkið veitir borgurunum, og nú sem fyrr fellur meginhluti rekstrarútgjalda til þjónustugreinanna á tvo meginþætti, annars vegar menntamál og hins vegar heilbrigðis- og tryggingamál. Nemur útgjaldaauki til þessara tveggja málaflokka um helmingi allrar hinnar áætluðu hækkunar ríkisútgjalda á næsta ári, en hækkun á öðrum fjárlagaliðum er fyrst og fremst vegna hækkunar á launum opinberra starfsmanna.

Undirnefnd fjárveitinganeftndar hefur að ósk fjármálaráðherra unnið áfram í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun ráðuneytisins að ýmiss konar athugun á skipulagi ríkisrekstrarins með hagræðingu og sparnað að markmiði, og hefur ýmislegt verið fært til betri vegar og ágæt samvinna verið milli ráðuneytisins og nefndarinnar um úrlausnarefni.

Engar fjárveitingar til framkvæmda hafa verið skertar, heldur er lagt til í frumvarpinu að auka fjárveitingar til ýmiss konar framkvæmda á vegum ríkisins um tæpar 90 millj. kr.

Við samning frumvarpsins var fylgt þeirri reglu að taka ekki inn í frumvarpið neina fjárveitingaliði á vegum hinna ýmsu ráðuneyta, þótt fé væri veitt til þeirra mála í fjárlögum þessa árs, ef viðkomandi ráðuneyti ekki gerði tillögu um þá liði.

Drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 1970 fylgja frumvarpinu nú sem fylgiskjal svo sem í fyrra. Er þetta gert til að draga upp mynd af óhjákvæmilegum viðfangsefnum utan ramma fjárlaga og hvaða úrræði séu til fjáröflunar. Síðar á þinginu mun framkvæmdaáætlunin að venju koma til meðferðar í frumvarpsformi.

Til þess að auðvelda þingmönnum sem mest að gera sér grein fyrir fjárlagafrumvarpinu er greinargerð þess tvíþætt. Fyrst er yfirlit um heildarbreytingar og samanburður við fjárlög 1969, og síðan eru rækilega skýrðar og sundurliðaðar allar breytingar á einstökum liðum.

Vegna greiðsluhalla ríkissjóðs síðustu árin ber sérstaklega brýna nauðsyn til þess, að fjárlög verði nú afgreidd á þann veg, að ríkisbúskapurinn verði raunverulega hallalaus á næsta ári.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1969.

Gjaldahlið.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 7 826 829 þús. kr. á móti 7 000 607 þús. kr. í fjárlögum ársins 1969. Heildarhækkunin nemur þannig 826 222 þús. kr. eða 11.8%. Í þessari hækkun eru taldir tekjustofnar, sem ráðstafað er til vissra aðila eða verkefna, og nemur hækkun slíkra stofna 229 845 þús. kr. eða 15.7% frá fjárlögum 1969. Hækkun útgjalda á rekstrarreikningi að frátöldum ráðstöfuðum tekjustofnum nemur þannig 596 377 þús. kr., eða 10.8% frá fjárlögum 1969. Sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á fjárlögum 1969 og fjárlagafrumvarpi 1970:

	Fjárlög '69 Þús. kr.	Frumvarp '70 Þús. kr.	Hækkun	
			Þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikningi	7 000 607	7 826 829	826 222	11.8
Fyrirfr. ráðst. tekjustofnar	1 464 029	1 693 874	229 845	15.7
Útgj. án ráðst. tekjustofna	5 536 578	6 132 955	596 377	10.8

Sú nýbreytni er nú upp tekin, að nokkur launatengd gjöld eru færð undir launalið viðkomandi stofnana. Er hér um að ræða launaskatt og skyldutryggingar starfsfólks, sem áður hafa verið færð á liðinn önnur rekstrargjöld, svo og lífeyrissjóðsframlög, sem færð voru á sérstakan fjárlagalið undir fjármálaráðuneytinu, lið 1 06 381 02, lífeyrissjóðir, framlög, og fellur sá liður því niður. Að sjálfsögðu verður þetta til þess, að launaliðir einstakra stofnana verða ekki sambærilegir milli þessara tveggja ára, og verður þess getið hér á eftir, þegar þetta veldur verulegum mismun í samanburði á útgjöldum einstakra stofnana milli þessara tveggja ára. Þess skal getið, að í fjárlögum 1969 voru framlög til lífeyrissjóða áætluð 45 675 þús. kr., en verða nú samt. 52 282 þús. kr. Í frumvarpinu hefur enn fremur verið tekið tillit til launahækkana þeirra, er urðu í maímánuði sl., og laun einstakra stofnana hækkuð í samræmi við það. Aftur á móti eru launahækkunar frá 1. september og áætluð hækkun 1. desember vegna vísitöluuppbótar teknar á einn sameiginlegan lið undir fjármálaráðuneytinu, og gert ráð fyrir, að þessum hækkunum verði dreift á einstakar stofnanir í meðferð þingsins, þegar hækkunirnar eru endanlega kunnar.

Af þeirri 596.4 m.kr. eða 10.8% hækkun, sem verður á útgjöldum ríkissjóðs í þrengri merkingu, þ. e. án ráðstafaðra tekjustofna, eru 174.2 m.kr., eða 3.2%, aukin framlög ríkissjóðs til almannatrygginga, fyrst og fremst til sjúkratrygginga. Launahækkunar, sem urðu í maí sl., nema 95.2 m.kr. eða 1.7% og áætlaðar launahækkunar í september og desember 45.0 m.kr. eða 0.8%. Afgangurinn af hækkuninni 282.0 m.kr., eða 5.1%, dreifist á hin ýmsu svið opinberrar starfsemi.

Verður nú gerð frekari grein fyrir því, í hverju hækkun útgjalda frá fjárlögum 1969 er fólgin og jafnframt hverjar helztu lækkunar útgjalda frá því ári hafa orðið. Einnig verður sýnt sérstaklega í tölulegum yfirlitum yfir málefni einstakra ráðuneyta, hvaða tekjustofnar hafa áhrif á útgjaldapróunina árið 1970. Á eftir þessum hluta greinargerðarinnar verður fjallað nákvæmar um fjárreiður hinna ýmsu stofnana og breytingar á fjárveitingum til einstakra málefna.

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

00 **Æðsta stjórn ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 12.4 m.kr. hækkun, einkum vegna Alþingis, 11.0 m.kr., en þar er tekið inn framlag til lífeyrissjóðs alþingismanna, 5.1 m.kr., sem var á öðrum lið fjárlaga 1969, eins og fyrr segir. Þá hafa breytingar á launum almennt og fleiri atriðum, svo sem húsaleigustyrkjum og ferðakostnaði alþingismanna, hér áhrif til hækkunar.

01 **Forsætis- og menntamálaráðuneytið.** Eftirfarandi breytingar verða á mál-efnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyra, í m.kr.:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	3.7	
Fræðslumál	139.0	1.8
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	3.3	÷1.8
	<hr/>	
Samtals	146.0	0.0

Yfirstjórn. Fyrir utan eðlilegar launahækkunar og færslu launatengdra gjalda á þennan lið, á hækkunin rætur að rekja til þess, að viðhald stjórnarráðshússins og ráðherrabústaðar á Þingvöllum er nú í fyrsta sinn fært undir aðalskrifstofu ráðuneytisins, 0.7 m.kr., og hið sama er að segja um kostnað við fálkaorðuna, 0.2 m.kr. Þá eru framlög til skólarannsóknna aukin um 0.7 m.kr. vegna framhalds á rannsóknaverkefnum, sem þegar eru hafin. Loks er tekið inn framlag vegna þjóðhátíðar 1974 að fjárhæð 0.8 m.kr.

Fræðslumál. Framlög hækka um 139.0 m.kr., þar af 83.1 m.kr. til rekstrar barna- og gagnfræðaskóla og 11.1 m.kr. til byggingar barna- og gagnfræðaskóla, sem þegar

hafa fengið byrjunarfjárveitingar. Framlög til Háskóla Íslands hækka um 11.4 m.kr. og til rekstrar menntaskólanna um samtals 23.4 m.kr. Þá hækka framlög til rekstrar og byggingar Kennaraskólans og Æfinga- og tilraunaskólans um samt. 11.8 m.kr. Framlag til lánasjóðs ísl. námsmanna hækkar um 11.7 m.kr., til iðnskóla, rekstrar og bygginga, um 3.7 m.kr., til héraðsskóla um 2.7 m.kr. og til náms- og fræðimanna um 3.6 m.kr. Framlög til annarra fræðslumála hækka um 11.0 m.kr. nettó, en niður fellur sérstakt framlag, 34.5 m.kr., til endurgreiðslu rekstrarkostnaðar skóla fyrir janúar—ágúst 1968, er greitt var í eitt skipti fyrir öll í sambandi við framkvæmd nýju skólakostnaðarlaganna.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Sú 3.3 m.kr. hækkun framlaga, sem verður til þessa málefnaflokks, skýrist einkum af hækkun til Þjóðminjasafns 3.0 m.kr., Landsbókasafns 1.4 m.kr. og til lista 1.2 m.kr., en nettólækkun um 2.3 m.kr. kemur einkum fram á ýmsum ráðstöfuðum tekjustofnum.

02 Utanríkisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast þannig:

	Breyting frá fjárl. 1969
Yfirstjórn	1.4
Löggæzla á Keflavíkurflugvelli	2.7
Sendiráð	5.9
Alþjóðastofnanir	÷ 1.1

Samtals 8.9

Yfirstjórn. Hækkuninni, 1.4 m.kr., veldur flutningur fulltrúa og ritara heim frá sendiráðum erlendis, 0.4 m.kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af færslu launatengdra gjalda á liðinn og af eðlilegum launahækkunum.

Löggæzla á Keflavíkurflugvelli. Þessi málefnaflokkur hækkar um 2.7 m.kr., þar af 0.9 m.kr. vegna ráðningar þriggja lögregluþjóna til löggæzlu í herstöð á Sandgerðisheiði, og að öðru leyti stafar hækkunin af launatengdum gjöldum og eðlilegum launahækkunum.

Sendiráð. Hækkunin, 5.9 m.kr., orsakast að verulegum hluta af því, að við gengisbreytinguna í nóvember 1968 voru föst laun starfsfólks sendiráðanna upphaflega hækkuð um 1.5% eins og annars staðar í ríkisrekstrinum. Eftir samþykkt fjárlaga var hins vegar tekin sú ákvörðun með samþykki fjárveitinganefndar, að eðlilegt væri að laun í erlendum gjaldeyri skyldu ekki lækka meira en sem svaraði almennri kjararárýrnun launafólks hér heima, og þýddi þetta aukningu launaútgjalda vegna sendiráðanna um 3.4 m.kr. frá fjárlögum. Þá hefur verið fallizt á að hækka laun í sex sendiráðum um 3—5% vegna verðlagshækkana í viðkomandi löndum, samtals 1.1 m.kr., en afgangur hækkunarinnar er vegna almennra launahækkana og launatengdra gjalda.

Alþjóðastofnanir. Liðurinn lækkar um 1.1 m.kr. Framlag til IDA, 2.1 m.kr., fellur niður, en nettólækkun um 1.0 m.kr. verður á öðrum liðum, svo sem skýrt verður í næsta hluta greinargerðarinnar.

03 Atvinnumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.4	
Búnaðarmál	30.3	
Útvegsból	53.4	÷ 0.2
Orkumál	64.0	48.9
Annað	2.8	
Samtals	150.9	48.7

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið, 0.4 m.kr., stafar fyrst og fremst af eðlilegum launahækkunum.

Búnaðarmál. Framlög til búnaðarmála hækka um 30.3 m.kr., þar af uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 30.0 m.kr., jarðræktarframlög 8.0 m.kr., til búfjárræktar 2.0 m.kr., en á móti falla niður framlög til framleiðnisjóðs landbúnaðarins 10.0 m.kr. og framlag til bænda 5.0 m.kr., en lagaákvæði um þessi framlög náðu fram til ársins 1969. Nettóhækkun á öðrum liðum nemur samtals 5.3 m.kr.

Útvegsmál. Framlög til útvegsmála hækka um 53.4 m.kr. Útgjöld vegna byggingarsjóðs hafrannsóknaskips hækka um 28.0 m.kr. og vegna byggingarsjóðs síldarleitar-skips um 2.4 m.kr. Framlög til aflatryggingarsjóðs sjávarútvegsins hækka um 9.9 m.kr., og er þá gert ráð fyrir framlengingu gildandi lagaákvæða um mótframlag ríkissjóðs, en hins vegar er tekið inn 10.0 m.kr. framlag til áhafnadeildar. Framlög til Hafrannsóknastofnunar hækka um 9.9 m.kr., einkum vegna rekstrar nýs hafrannsóknaskips, sem væntanlegt er á miðju árinu. Aðrar hækkunir í þessum málefna-flokki nema samtals 3.2 m.kr.

Orkumál. Í þessum málefnaflokki kemur fram 64.0 m.kr. hækkun. Meginhluti þeirrar hækkunar eða 47.5 m.kr. stafar af hækkun verðjöfnunargjalds, sem gerð var með bráðabirgðalögum nr. 79/1969. Hækkun vegna rafvæðingar í sveitum nemur 5.0 m.kr., og tekin er inn sérstök fjárveiting til endurgreiðslu framkvæmdalána vegna orkurannsóknna, 6.3 m.kr. Öll renna framlög þessi til Orkusjóðs og nemur heildarhækkun til sjóðsins því 58.8 m.kr. Framlög til Orkustofnunar hækka um 5.2 m.kr.

Annað. Liðurinn hækkar um samtals 2.8 m.kr., og er þar helzt um að ræða byggingu og viðhald húsmæðraskóla í sveitum 0.9 m.kr., skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna 0.7 m.kr. og ýmsa aðra liði, er hækka um samtals 1.2 m.kr.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði þessa ráðuneytis hækka sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	1.1	
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	32.6	
Heilbrigðismál	19.3	0.5
Þjóðkirkjan	5.2	
Annað	2.2	
	<hr/>	
Samtals	60.4	0.5

Yfirstjórn. Hækkunin á þessum lið, 1.1 m.kr., er einkum fólgin í eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Þessi málefnaflokkur hækkar um samtals 32.6 m.kr. og eru helztu hækkunarliðir þessir: Löggæzla 11.2 m.kr., sbr. skýringar í næsta hluta greinargerðarinnar, embætti sýslumanna og bæjarfógeta samtals 7.3 m.kr., Landhelgisgæzla 3.8 m.kr., eingöngu vegna landhelgissjóðs, sbr. síðar, fangelsi í Síðumúla, nýr liður, 2.7 m.kr., Litla-Hraun 2.0 m.kr., og er þar n. a. um að ræða stækkun hælísins. Loks hækka aðrir liðir innan málefnaflokkans um samtals 5.6 m.kr.

Heilbrigðismál. Framlög hækka um samtals 19.3 m.kr., sem þó gefur ekki rétta mynd af útgjaldaþróuninni vegna heilbrigðismála, því að hækkunin er miklum mun meiri, eins og fram kemur í skýringum við Tryggingastofnun ríkisins hér á eftir, en vegna breytingar á greiðslukerfi sjúkratrygginganna, sem gerð var á sl. ári, kemur útgjaldaaukning vegna ríkissjúkrahúsanna fyrst og fremst þar fram. Framlög til rekstrar ríkisspítalanna, eins og þau koma fram á þessum lið, lækka af þessum sökum um 2.2 m.kr., en afborganir lána vegna Landspítalans hækka um 2.1 m.kr. Þá er tekið inn byggingarframlag til fæðingardeildar Landspítalans, 10.0 m.kr., framfærsla fávita hækkar um 7.8 m.kr. vegna fjölgunar legudaga og hækkaðs daggjalds, framlag til landlækniseimbættis hækkar um 3.6 m.kr., en þar er nú tekið inn

hið nýja heilbrigðiseftirlit ríkisins, sem stofnað var með lögum nr. 12/1969, og loks lækka framlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða um 4.6 m.kr., og kemur þar til framangreind breyting á greiðslukerfi sjúkratrygginganna. Framlög til annarra heilbrigðismála hækka um samtals 2.7 m.kr.

Þjóðkirkjan. Hækkunin, 5.2 m.kr., skýrist fyrst og fremst af eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Annað. Framlög hækka um 2.2 m.kr., þar af framlag til gæzluvistarsjóðs vegna fyrirhugaðrar aukningar húsrýmis 1.5 m.kr. og aðrir liðir um samtals 0.7 m.kr.

05 Félagsmálaráðuneytið. Málefnaflokkar á sviði félagsmálaráðuneytisins breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárll. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.4	
Almannatryggingar	224.9	50.7
Húsnæðismál	34.4	34.6
Önnur félagsmál	÷12.7	33.2
	<hr/>	<hr/>
Samtals	246.8	118.5

Yfirstjórn. Framlag hækkar um 0.4 m.kr., þar af 0.2 m.kr. vegna ráðningar nýs fulltrúa á sviði vinnumála, en að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkunir.

Almannatryggingar. Heildarhækkun framlaga að meðtöldum atvinnuleysistryggingum nemur 224.9 m.kr., en þar af eru 50.7 m.kr. vegna almannatryggingagjalda, sem jafnframt eru færð í tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Afgangur hækunarinnar, 174.2 m.kr., skýrist þannig: framlög til sjúkratrygginga, sem eru nátengd daggjalda-ákvörðunum, hækka um 180.7 m.kr., framlög til atvinnuleysistrygginga hækka um 13.3 m.kr., en framlög til lífeyristrygginga lækka um 19.8 m.kr. vegna innstæðu um áramót.

Húsnæðismál. Sú 34.4 m.kr. hækkun, sem fram kemur á þessum málefnaflokki, á eingöngu rætur að rekja til ráðstafaðra tekjustofna, þ. e. launaskatts, sem hækkar um 32.0 m.kr., og annarra byggingasjóðsgjalda, er hækka um 2.6 m.kr. Hins vegar lækkar framlag til Byggingasjóðs verkamanna um 0.2 m.kr. vegna minni áætlaðs teiknikostnaðar.

Önnur félagsmál. Framlög til þessa málefnaflökks lækka um 12.7 m.kr. Sérstakt framlag til atvinnuþjófnumarsjóðs, 50.0 m.kr., fellur nú niður, en í staðinn rennur þangað álgjald, 30.0 m.kr., þ. e. hluti sjóðsins af framleiðslugjaldi álverksmiðjunnar í Straumsvík. Þá er tekinn inn nýr liður, framlag til lífeyrissjóðs verkalýðsfélaganna, í samræmi við kjarasamningana fyrr á þessu ári, 6.3 m.kr., og framlög í erfðafjársgjóð, þ. e. erfðafjárskattur úr tekjuhlið frumvarpsins hækkar um 2.0 m.kr. Nettólækkun á öðrum liðum nemur samtals 1.0 m.kr.

06 Fjármálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum á sviði þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárll. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	2.1	
Toll- og skattheimta	12.6	1.6
Lífeyrissj., styrktarfé og eftirlaun	÷42.0	
Annað	86.8	÷19.0
	<hr/>	<hr/>
Samtals	59.5	÷17.4

Yfirstjórn. Á þessum málefnaflokki verður 2.1 m.kr. hækkun, sem orsakast annars vegar af eðlilegum launahækkunum og launatengdum gjöldum og hins vegar

af auknum kostnaði við ríkisbókhald, en starfsemi þess eykst í samræmi við nýju lög in ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Toll- og skattheimta. Hækkunin, 12.6 m.kr., kemur þannig fram: Skattstofur að meðtöldu embætti ríkisskattstjóra hækka um 4.8 m.kr., tollstjóri og tollgæzla um 6.9 m.kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launahækkana og færslu lífeyrissjóðsframlaga á embættin. Sameiginlegur kostnaður við tollamál, 2.0 m.kr., er nú færður sérstaklega, en ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum lið í fjárlögum 1968 og 1969 (var á 11. gr. C eldri fjárlaga), en kostnaðarhluti ríkissjóðs við Gjaldheimtuna lækkar um 1.1 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Á þessum málefnaflökki verður 42.0 m.kr. lækkun. Framlag til lífeyrissjóða fellur nú niður sem sérstakur liður, þar sem gert er ráð fyrir slíkum framlögum í launakostnaði einstakra stofnana. Þessi framlög námu 45.7 m.kr. í fjárlögum 1969. Uppbætur á lífeyri hækka um 3.7 m.kr.

Annað. Framlög innan þessa málefnaflökks hækka um samtals 86.8 m.kr. Vaxtagreiðslur af lánum í Seðlabanka hækka um 32.0 m.kr. Inn er tekinn sérstakur liður, 45.0 m.kr., vegna verðlagsuppbóta á laun 1. september og 1. desember, og er gert ráð fyrir, að fjárhæðinni verði skipt á launalið einstakra stofnana í meðförum þingsins, þegar vitað er með vissu, hverjar uppbæturnar verða. Framlag ríkissjóðs til ríkisábyrgðasjóðs lækkar um 8.0 m.kr. og framlag til hlutabréfakaupa um 4.2 m.kr. vegna innlausnar hlutabréfa í Áburðarverksmiðjunni. Þá hækka framlög til orlofsheimilis BSRB um 1.5 m.kr., til endurnýjunar ríkisbifreiða um 2.0 m.kr. og aðrir liðir nettó um 0.8 m.kr., en framlag til fasteignamats lækkar um 6.7 m.kr.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið. Málefnaflökkar á sviði þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1969	Þar af ráðst. tekjustofnar
Yfirstjórn	0.3	
Vegamál	78.2	78.9
Önnur samgöngumál	74.9	0.2
Iðnaðarmál	1.9	0.4
Annað	0.6	
	<hr/>	<hr/>
Samtals	155.9	79.5

Vegamál. Framlög til vegamála hækka um 78.2 m.kr., sem skýrist af hækkun ráðstafaðra tekjustofna um 78.9 m.kr., en beint framlag ríkissjóðs til Kísilvegur lækkar um 0.7 m.kr. Þess skal getið, að tekjustofnar vegasjóðs eru í heild 23.3 m.kr. hærri en rekstrarútgjöld sjóðsins, vegna þess að hluti fjárlagsins fer til afborgunar lána af Reykjanesbraut, þ. e. 16.5 m.kr. veggjald og 6.8 m.kr. annað vegasjóðsfé. Þá leggur ríkissjóður fram 21.0 m.kr. til afborgunar vegalána, þannig að í heild verða þessar afborgunar 44.3 m.kr. á fjárlögum.

Önnur samgöngumál. Framlög til þessa málefnaflökks hækka í heild um 74.9 m.kr. Framlög til hafnamála hækka um 44.5 m.kr., þar af 29.4 m.kr. tilfærsla landshafnalána á rekstur sem framlag til B-hluta stofnana, sem áður voru talin með afborgunum lána í A-hluta, framlög til hafnabótasjóðs 9.0 m.kr. og hafnaframkvæmdir 6.1 m.kr. Þá er tekinn inn nýr liður, rekstrardeild ríkisskipa, 3.7 m.kr., sem í raun þýðir verulegan sparnað í rekstri ríkisskipa, eins og skýrt verður í næsta hluta greinargerðarinnar. Framlög til flugmála hækka um 11.6 m.kr., einkum vegna vaxta og afborgana af framkvæmdalánum, til Veðurstofu Íslands um 10.6 m.kr., að mestu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir stofnunina, og loks hækka aðrir liðir um samtals 4.5 m.kr.

Iðnaðarmál. Sú hækkun, sem kemur fram á þessum málefnaflökki, 1.9 m.kr., skýrist einkum af eðlilegum launahækkunum og færslu launatengdra gjalda á viðkomandi stofnanir.

08 Viðskiptaráðuneytið. Helztu breytingar á málefnaflokkum á sviði viðskiptaráðuneytisins eru þessar:

	Breyting frá fjárl. 1969
Yfirstjórn	0.6
Niðurgreiðslur	÷18.3
Annað	1.0

Samtals ÷16.7

Niðurgreiðslur. Fyrirsjáanlegt er, að niðurgreiðslur á vöruverði muni verða verulega undir áætlun fjárlaga ársins 1969 vegna minnkunar á neyflu dílkakjöts. Á þeirri forsendu er áætlað, að á árinu 1970 verði niðurgreiðslur 18.3 m.kr. lægri en árið áður.

Annað. Liðurinn hækkar um 1.0 m.kr., þar af 0.7 m.kr. vegna eðlilegra launa-hækkana á verðlagsskrifstofu og 0.3 m.kr. vegna aukins framlags til vörusýninga erlendis.

09 Hagstofa Íslands. Hækkun 1.0 m.kr. og

10 Ríkisendurskoðun, hækkun 1.0 m.kr. stafar að mestu af eðlilegum launa-hækkunum og færslu launatengdra gjalda á launalið stofnananna.

Tekjuhlíð.

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1970 er, eins og á undanförunum árum, gerð í Efnahagsstofnuninni. Er áætlunin byggð á þjóðhagspá Efnahagsstofnunarinnar eins og hún var endurskoðuð eftir kjarasamningana í maí sl. og með síðustu vitneskju um kauplags- og verðlagsbreytingar. Er þar gert ráð fyrir, að atvinnu-ástand verði ekki lakara en það mun að jafnaði verða í ár, en það er byggt á þeirri forsendu, að síldveiðarnar hregðist ekki gjörsamlega í haust, heldur verði síldarafli ársins ekki minni en 1968, eða annar afli komi í hans stað.

Á undanförunum árum hefur tekjuáætlunin verið miðuð við meðferð ríkisreiknings með hinu eldra sniði á þeim tekjuhlíðum, sem hann náði til, en áætlun annarra tekjuhlíða hefur víðast verið miðuð við innheimtu á almanaksári. Reikningsár hins eldra ríkisreiknings var ekki með föstum tímamörkum, heldur teygði sig ætíð nokkuð inn á næsta ár, þó mislangt eftir innheimtumönnum og gjöldum. Nú hefur verið gerð gangskör að því að miða tekjuáætlunina við innheimtu á almanaksári, eftir því sem frekast hefur verið unnt, og eyða þar með ósamræmi í áætlanagerðinni.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 8 082.1 m.kr. á móti 7 096.5 m.kr. í fjárlögum 1969, og nemur hækkunin því 985.6 m.kr., eða 13.9%. Af heildartekjunum nema ráðstafaðir tekjustofnar á rekstrarreikningi og lánahreyfingum 1 717.2 m.kr., en voru 1 464.0 m.kr. í fjárlögum 1969, þannig að hækkun þessara tekjustofna er 253.2 m.kr., eða 17.3%. Tekjur ríkissjóðs án ráðstafaðra tekjustofna hækka því um 732.5 m.kr., eða 13.0%.

Persónuskattar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að persónuskattar hækki um 52.0 m.kr. Er hér fyrst og fremst um að ræða iðgjöld til almannatrygginga, sem hækkuð voru um sl. áramót í sambandi við hækkun bóta almannatrygginga. Gjöld þessi hækka um samtals 50.7 m.kr., en auk þess hækkar námsbókagjald um 1.3 m.kr. vegna aukins útgáfukostnaðar.

Eignarskattar. Hækkun eignarskatta nemur 14.1 m.kr., sem byggist á því, að skattgjaldseign einstaklinga er áætluð 2.3% og skattgjaldseign félaga 4.5% hærri en árið áður.

Tekjuskattar. Tekjuskattar hækka um 89.0 m.kr. Meginhluti hækkunarinnar, 82.4 m.kr., verður á tekjuskatti einstaklinga, en tekjuskattur félaga hækkar um 6.6 m.kr. Að baki þessarar áætlunar liggur m. a. það, að kaupfaxtar hækki árið 1969 um 11.8% að meðaltali frá árinu áður. Þó er hækkun nettótekna áætluð lægri,

eða 10% á mann, vegna atvinnuástandsins og hækkunar stórra frádráttarliða, almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjalda, umfram áðurnefnd 11.8%. Þá er gert ráð fyrir 10% hækkun álagningar tekjuskatts félaga milli 1969 og 1970.

Gjöld af innflutningi. Þessi gjöld eru áætluð 346.5 m.kr. hærrí en í fjárlögum 1969, og munar þar mest um aðflutningsgjöld, er hækka um 305.2 m.kr. Gert er ráð fyrir, að almennur vöruinnflutningur aukist um 6.2% frá spá 1969 og meðaltollur verði 27.0%. Tekjur vegasjóðs af innflutningsgjaldi af benzíni og gúmmigjaldi hækka um samtals 92.0 m.kr. og hagnaður af sölu varnarliðseigna um 1.8 m.kr. Á hinn bóginn hefur reynsla ársins 1969 leitt í ljós mjög verulegan samdrátt í bifreiðainnflutningi, og er fyrirsjáanlegt, að fjárlagaáætlun innflutningsgjalda af bifreiðum og bifhjólum stentz engan veginn í ár. Er gert ráð fyrir, að á árinu 1970 lækki tekjur af þessum gjöldum um 52.4 m.kr. frá fjárlögum 1969.

Skattar af framleiðslu. Þessi flokkur skatta hækkar um 38.2 m.kr., einkum vegna þess að nú er í fyrsta sinn áætlað álgjald, þ. e. framleiðslugjald álverksmiðjunnar í Straumsvík. Er hér um að ræða þann hluta, er rennur til atvinnujöfnunarsjóðs, 30.0 m.kr. Gjald af innlendum tollvörum hækkar um 6.9 m.kr. og flöskugjald og sælgætisgjald um samtals 1.3 m.kr.

Gjöld af seldum vörum og þjónustu hækka um samtals 368.9 m.kr., þar af sölu-skattur til ríkissjóðs um 201.6 m.kr., og er þá gert ráð fyrir 8% aukningu sölu-skattsveltú. Er innheimtan miðuð við almanaksár, eða 98% af álagningu 1.—3. ársfjórðungs 1970 og 4. ársfjórðungs 1969 að viðbættum 2% af tilsvarendi tölum ári fyrr, þ. e. vegna óinnheimtra eftirstöðva. Hagnaður ÁTVR er talinn munu aukast um 133.0 m.kr., og valda hér mestu áætluð áhrif tekjubreytinga einstaklinga. Launaskattur hækkar um 32.0 m.kr. og aðrir skattar í þessum flokki um samtals 2.3 m.kr.

Aðrir óbeinir skattar. Þessi flokkur skatta hækkar um samtals 58.6 m.kr., og munar þar mest um hækkun verðjöfnunargjalds á rafmagni, skv. lögum nr. 79/1969, um 47.5 m.kr. Tekjur af stimpilgjaldi hækka um 12.5 m.kr., af þinglýsingum um 10.3 m.kr. og bifreiðaskattur, sem rennur í vegasjóð, um 8.7 m.kr. Á hinn bóginn lækka tekjur af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna um 9.5 m.kr., svo og leyfisgjald um 8.0 m.kr., hvort tveggja vegna ofáætlunar í fjárlögum 1969. Óverulegar breytingar verða á öðrum óbeinum sköttum.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Alls er um að ræða 18.5 m.kr. hækkun á þessum lið, þar af 17.5 m.kr. frá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli og 1.0 m.kr. frá frihöfninni þar.

Ýmsar tekjur. Mjög óverulegar breytingar verða á þessum lið.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar út, þ. e. afborganir af lánum ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta, nema samtals 186 384 þús. kr., en lánahreyfingar inn, þ. e. innheimtar afborganir af skuldabréfum ríkissjóðs, eru 2 230 þús. kr., þannig að halli á lánajöfnuði nemur 184 154 þús. kr. Afborganir af lánum ríkissjóðs hækka um 96 316 þús. kr. frá fjárl. 1969, og sýnir eftirfarandi yfirlit samanburð á lánahreyfingum út þessi tvö ár:

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '69	Fjárl.frv. '70	Mism.
01 301	Menntaskólinn í Reykjavík	573	573	—
01 302	Menntaskólinn á Akureyri	282	479	197
01 303	Menntaskólinn á Laugarvatni	153	750	597
01 304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	1 651	3 236	1 585
01 321	Kennaraskólinn	2 493	1 598	÷ 895
01 422	Ríkisútgáfa námsbóka	280	320	40
01 501	Tækniskólinn	287	287	—
01 521	Hjúkrunarskóli Íslands	278	242	÷ 36
01 605	Alþýðuskólinn á Eiðum	115	115	—

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárln. '69	Fjárln.frv. '70	Mism.
01 649	Heyrnleysingjaskólinn	100	3 767	3 667
01 841	Náttúruverndarráð	326	326	—
02 305	Sendiráðið í Osló	37	37	—
02 307	Sendiráðið í Stokkhólmi	911	861	÷ 50
02 308	Sendiráðið í Washington	229	233	4
02 309	Sendinefnd Íslands hjá Sp.	1 011	1 047	36
02 400	Alþjóðastofnanir	772	0	÷ 772
03 230	Skógrækt ríkisins	225	263	38
04 208	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	2 600	3 986	1 386
04 371	Landspítalinn	4 708	8 449	3 741
06 208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	626	7	÷ 619
06 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Lán vegna eignakönnunar 1947	374	374	—
	Sparisjóður Reykjavíkur v. Drápuhlíðar 4 ..	1	—	÷ 1
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	14	—
	Seðlabankinn v. nýsk. togara og Svíþjóðarbáta	196	—	÷ 196
	Seðlabankinn v. lánadeildar smáibúða	2 344	2 344	—
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	351	352	1
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Brunabótafélag v. Seyðisfjarðarhúsa	14	14	—
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kisiliðjunni ..	200	200	—
	Lán Seðlabanka v. hægri umferðar	17 000	—	÷ 17 000
	Lán hjá Alþjóðabankanum	20 007	—	÷ 20 007
	Lán hjá I.D.A.	1 453	969	÷ 484
	PL-480 v. hlutabr.kaupa í Kisiliðjunni	—	1 803	1 803
	Afborgun skuldabréfalans hjá Seðlab. Ísl. ..	—	100 000	100 000
	Áburðarsölulán	—	4 500	4 500
07 211	Vegagerð	—	44 300	44 300
07 333	Hafnamál	25 595	—	÷ 25 595
07 356	Landmælingar	200	200	—
07 400	Iðnaðarmálastofnun Íslands	712	788	76
	Samtals	90 068	186 384	96 316

Meginbreytingar milli þessara tveggja ára eru þessar: Inn er tekin 100 000 þús. kr. afborgun til Seðlabankans vegna yfirdráttarskuldar, sem breytt hefur verið í skuldabréfalán, og auk þess afborganir af vegalánum 44 300 þús. kr., en þessar afborganir voru taldar með almennum útgjöldum vegagerðar í fjárlögum 1969. Þá nema afborganir af láni vegna gengistaps Áburðarsölu ríkisins 4 500 þús. kr., aukning afborgana af lánum vegna viðbyggingar Landspítalans nemur 3 741 þús. kr. og vegna byggingar Heyrnleysingjaskóla 3 667 þús. kr. Á móti falla niður af þessum lið afborganir af landshafnalánum, sem voru 25 595 þús. kr. í fjárlögum 1969, en koma fram sem tilfærsla til B-hluta stofnunar á öðrum stað. Enn fremur falla niður afborganir af láni hjá Alþjóðabankanum, 20 007 þús. kr., en lánið hefur verið greitt að fullu, og af sérstöku láni í Seðlabanka 17 000 þús. kr., vegna hægri umferðar. Nettóhækkun afborgana af öðrum lánum er 2 710 þús. kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 101 **Embætti forseta Íslands.** Fjárveiting hækkar um 804 þús. kr., þar af viðhald um 309 þús. kr. vegna óhjákvæmilegra viðgerða á forsetasetrinu. Launaliður hækkar um 450 þús. kr., einkum vegna verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn. Afgangurinn, 45 þús. kr., dreifist á ýmsa kostnaðarliði.
- 201 **Alþingi.** Fjárlagaáætlun Alþingis gerir ráð fyrir 10.954 þús. kr. útgjaldaaukningu frá fjárlögum 1969. Tæplega helmingur þeirrar hækkunar, eða 5 100 þús. kr., stafar af færslu framlaga í lífeyrissjóð alþingismanna á liðinn, en öll slík framlög voru áður á sérstökum fjárlagalið, svo sem fyrr segir. Þá voru ferða- og húsaleigustyrkir alþingismanna hækkaðir haustið 1968, en láðst hefur að taka tillit til kostnaðarauka, sem af því leiddi, á fjárlögum. Þar við bætast eðlilegar launahækkunar, þannig að þingfararkaup alþingismanna er talið 4 631 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1969, og launakostnaður starfsmanna Alþingis 1 217 þús. kr. hærra. Þá er kostnaður við nefndir, aðstoð og aukavinnu áætlaður 496 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1969, þannig að í heild vex launaliðurinn um 11 444 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka á móti um 490 þús. kr.
- 301 **Ríkisstjórn.** Launaliður hækkar um 297 þús. kr., eingöngu vegna verðlagsuppbótar og launatengdra gjalda, en teknir eru inn sérstakir liðir vegna opinberra heimsóknna til Íslands, 300 þús. kr., og gestamóttöku 17. júní, 80 þús. kr., sem áður voru greiddir af aðalskrifstofu forsætisráðuneytisins, þannig að fjárveiting hækkar í heild um 677 þús. kr.

01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 3 320 þús. kr., og skiptist hækkunin á viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 871 þús. kr., þar af 620 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta og launatengdra gjalda og 251 þús. kr. vegna ýmiss kostnaðar. Fræðileg rannsókn á skólakerfinu hækkar um 670 þús. kr., sem auk eðlilegra launahækkana stafar af auknum rannsóknnum á verkefnum, er þegar hefur verið byrjað á. Kostnaður við byggingadeild hækkar um 45 þús. kr. af eðlilegum ástæðum. Þá er tekin inn sérstök fjárveiting vegna verkefna, sem unnin eru af Efnahagsstofnuninni á sviði menntamála, 410 þús. kr., en á móti lækkar kostnaður við fjármáladeild um 286 þús. kr. Loks eru teknir inn þrjár nýir liðir, viðhald stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar á Þingvöllum, 700 þús. kr. (áður á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins), fálkaorðan 160 þús. kr. og vegna þjóðhátíðar 1974 750 þús. kr.
- 201 **Háskóli Íslands.** Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 11 354 þús. kr. skv. frumvarpinu. Skiptist hækkunin á einstök viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 737 þús. kr., þar af 293 þús. kr. vegna launauppbótar og launatengdra gjalda og 52 þús. kr. vegna flokkahækkana. Þá hefur verið heimiluð ráðning símastúlku fyrir Háskólann og stofnanir hans auk ritara í Árnagarð, samt. 300 þús. kr. Loks hækka ýmsir kostnaðarliðir á yfirstjórn um samt. 92 þús. kr. Kostnaður við guðfræðideild eykst um 215 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda. Framlög til læknadeildar hækka um 2 755 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkunar og launatengd gjöld 834 þús. kr., og kostnaðarauki, sem leiðir af hinni nýju kennsluáætlun, sem samþykkt hefur verið, nemur 916 þús. kr. Þá hækka framlög til tækjakaupa um 500 þús. kr., ferðakostnaður líkskurðarnema erlendis um 260 þús. kr. og annarra liða, þ. m. t. stundakennsla, um 245 þús. kr. Framlög til tannlækninga hækka um 496 þús. kr., einkum vegna launauppbótar og launatengdra gjalda, og til lyfjafræði lyfsala um 79 þús. kr. af sömu ástæðu. Kostnaður við lagadeild eykst um

714 þús. kr., þar af vegna launauppbóta o. þ. h. 346 þús. kr., aukinnar stundakennslu 162 þús. kr. og prófessorslauna fráfarandi rektors 305 þús. kr., en niður falla laun dósentis 99 þús. kr. vegna tilflutnings í aðra deild. Kostnaður við viðskiptadeild eykst um 291 þús. kr., þar af 202 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda og 89 þús. kr. vegna stundakennslu og tækjakaupa. Framlög til heimspekideildar hækka um 433 þús. kr., einkum vegna eðlilegra launahækkana o. þ. h. Þess skal getið, að við heimspekideild hefur verið heimiluð ráðning tveggja dósentna, annars í þýzku og hins í mannkynsögu, en kostnaðarauki af því er óverulegur sökum minnkunar stundakennslu á móti. Hækkun framlaga til verkfræðideildar nemur 1 687 þús. kr. og er þá að fullu tekin til greina tillaga Háskólans um kennslulaun í náttúrufræðigreinum, en kostnaðarauki vegna þeirrar kennslu er 970 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launahækkningar o. þ. h. er nema 717 þús. kr. Framlag til bókasafns hækkar um 873 þús. kr., þar af launauppbætur o. þ. h. 146 þús. kr. og annar kostnaður 27 þús. kr. Þá eru framlög til bókkakaupa hækkuð um 700 þús. kr., þar af 250 þús. kr. til bókkakaupa í lestrarbókasafn stúdenta. Kostnaður við íþróttakennslu eykst um 75 þús. kr. af eðlilegum ástæðum og kostnaður við rekstur fasteigna um 2 007 þús. kr., einkum vegna reksturs Árnagarðs, þar af ræstingarlaun og húsvaðarlaun 1 256 þús. kr., launauppbætur o. þ. h. 281 þús. kr. og ýmis rekstrargjöld 470 þús. kr. Sameiginleg útgjöld aukast um 842 þús. kr. nettó, en helztu breytingar á liðnum eru eftirfarandi: Inn eru tekin laun þriggja prófessora, 873 þús. kr. Er þá að fullu haldin samþykkt um kennaraáætlun Háskólans, að frátöldum einum prófessor í læknadeild, sem koma hefði átt inn skv. áætluninni, en læknadeild hefur nú lagt fram og fengið samþykkt nýja áætlun, þar sem ekki er gert ráð fyrir nýjum prófessor á árinu 1970. Rétt þykir að taka þessa prófessora á sameiginlegan lið, en skipta þeim ekki á deildir, en sem kunnugt er hefur staðið yfir endurskoðun á kennsluháttum Háskólans og starfsemi hans yfirleitt, sem ekki er lokið við samningu fjárlagafrumvarpsins. Verður því beðið eftir tillögum Háskólans um ráðstöfun þessara embættanna. Þá er gert ráð fyrir launum stúdentaráðgjafa, 300 þús. kr., og enn fremur 100 þús. kr. framlagi til byrjunarkennslu í félagsfræði. Kostnaður við þátttöku háskólakennara í fundum erlendis er áætlaður 150 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969 og prófkostnaður, útgáfa kennslubóka og orlof háskólakennara hækkar um samtals 333 þús. kr., og loks nema verðlagsuppbætur á laun 106 þús. kr. Á móti lækka ýmis tryggingagjöld, sem færð hafa verið á viðkomandi liði, um 487 þús. kr., framlag til starfsemi stúdenta og studentaskiptasjóðs, sem nú er sérstakur liður á öðrum stað í frumvarpinu, um 430 þús. kr., og ýmsir liðir um 103 þús. kr. Tekjur Háskólans lækka um 150 þús. kr. vegna minni útleigu íþróttahúss. Loks er þess að geta, að í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til byggingar húsnæðis fyrir Háskóla Íslands.

- 202 **Tilraunastöð Háskólans á Keldum.** Útgjöld stofnunarinnar aukast um 1 407 þús. kr., þar af laun vegna eðlilegra uppbóta 299 þús. kr., önnur rekstrargjöld 748 þús. kr., en hér er einkum um að ræða erlendan kostnað vegna kaupa á dýralyfjum, og aukast tekjur á móti, viðhald eykst um 60 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 300 þús. kr. vegna ýmissa erlendra tækjakaupa, en liðurinn var ekki hækkaður vegna gengisbreytingarinnar sl. haust. Loks hækka tekjur um 725 þús. kr., þannig að hrein fjárveiting hækkar um 682 þús. kr.
- 203 **Raunvísindastofnun Háskólans.** Á þessum lið kemur fram 3 241 þús. kr. hækkun, en af því stafar 1 651 þús. kr. af tilfærslu jarðfræðirannsóknna af liðnum „ýmislegt“ í fjárlögum 1969 (var þar 1 464 þús. kr.). Launauppbætur og launatengd gjöld hækka um 753 þús. kr., heimiluð er ráðning nýs sérfræðings í jarðvísindum, 241 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 100 þús. kr. og loks ýmsir rekstrarliðir um 496 þús. kr.

- 205 **Handritastofnun Íslands.** Hækkunin 384 þús. kr. er, auk eðlilegra launauppbóta, vegna ráðningar sérfræðings, sem látið hefur af störfum í Árnasafni, og er það í samræmi við samþykkt um tilflutning sérfræðinga úr Árnasafni til Handritastofnunar.
- 231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Vegna leiguhúsnæðis, sem fyrirhugað er, að stofnunin taki, svo og hækkunar annarra kostnaðarliða, aukast rekstrargjöld um 373 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar, 344 þús. kr., er vegna launauppbóta.
- 232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Hækkunin á þessum lið, 201 þús. kr., skýrist að mestu af eðlilegum launauppbótum. Hins vegar verður sú breyting, að niður fellur sérstök fjárveiting, 200 þús. kr., vegna hafisráðstefnu, en inn er tekin fjárveiting til þátttöku í rannsóknaráði Norðurlanda (Nordforsk).
- 302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting lækkar um 4 606 þús. kr. Fjárfestingarframlag lækkar um 7 000 þús. kr. og er nú 1 500 þús. kr. til að ljúka raunvísindabyggingu. Launaliður lækkar um 1 313 þús. kr., þar af 539 þús. kr. eðlilegar launauppbætur, 774 þús. kr. vegna vanáætlunar í fyrri. Vaxtagreiðslur hækka um 376 þús. kr. og viðhald um 176 þús. kr. Loks hækka önnur rekstrargjöld um 529 þús. kr., og er þá tekið tillit til rekstrar hins nýja raunvísindahúss.
- 303 **Menntaskólinn á Laugarvatni.** Heildarfjárveiting eykst um 1 772 þús. kr., þar af vaxtagreiðslur um 744 þús. kr. Launaliður lækkar um 652 þús. kr., að verulegu leyti vegna eðlilegra launahækkana, viðhald eykst um 238 þús. kr., en húsa-kostur skólans hefur aukizt stórlega á undanfórnum árum, og loks hækka önnur rekstrargjöld um 138 þús. kr.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fjárveiting lækkar um 16 071 þús. kr., þar af byggingarframlög og framlög til tækjakaupa um 7 174 þús. kr. og vaxtagreiðslur um 2 261 þús. kr. Með þessari fjárhæð til byggingarframkvæmda er áætlað, að unnt verði að ljúka fjórða áfanga, og er þá eftir síðasti áfanginn, sem er íþróttahúsnæði. Rekstrarkostnaður skólans lækkar um 6 636 þús. kr., en heill nýr bekkur bætist við haustið 1969, og er skólinn þá kominn í fulla stærð.
- 305 **Menntaskóli á Ísafirði.** Hér er, auk 2 500 þús. kr. byggingarframlags, gert ráð fyrir 1 000 þús. kr. framlagi til rekstrar á haustmánuðum 1970, ef hentugt húsnæði fæst til kennslunnar og aðsókn nemenda gefur tilefni til.
- 307 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Ákveðið hefur verið að starfrækja byrjunarbekk á menntaskólastigi í húsnæði Miðbæjarbarnaskólans í Reykjavík, sem nú hefur verið rýmt. Hefur verið gerður leigusamningur við Reykjavíkurborg í þessum tilgangi, en ráðgert er, að þarna geti enn fremur farið fram leikfímikennsla fyrir aðra skóla, t. d. Kennaraskólann. Heildarkostnaður fyrir almanaksárið 1970 er áætlaður 7 900 þús. kr.
- 321 **Kennaraskólinn.** Fjárveiting til Kennaraskólans er áætluð 9 758 þús. kr. hærrí en í fjárlögum 1969, þar af 5 000 þús. kr. til að hefja byggingu nýrrar álmu fyrir 18 kennslustofur. Launakostnaður vex um 4 748 þús. kr. vegna launauppbóta og mikillar kennsluaukningar, en bekkjardeildir munu verða níu fleiri en fjárlög 1969 miðast við.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraskólans.** Rekstrarkostnaður skólans í hinu nýja húsnæði er áætlaður 3 061 þús. kr., en byggingarframlag lækkar um 1 000 þús. kr. og verður 5 000 þús. kr. Með því er ætlað, að unnt verði að ljúka þeim áfanga, sem er í smíðum, kaupa nauðsynlegasta búnað og lagfæra lóðina að nokkrum hluta.
- 401 **Fræðslumálaskrifstofan.** Framlög lækka um 727 þús. kr. og kemur lækkunin þannig fram: Kostnaður við yfirstjórn lækkar um 307 þús. kr. vegna launauppbóta o. þ. u. l. og námsstjóra um 15 þús. kr. af sömu ástæðu. Kostnaður við landspróf lækkar um 95 þús. kr. og sundskyldu í skólum um 930 þús. kr., og er þá miðað við reynslu ársins 1968 og áætlun 1969, en kostnaður þessi greiðist eftir á. Kostnaður við skiðakennslu í barna- og gagnfræðaskólum lækkar um

- 80 þús. kr. og vegna unglingsfræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra um 50 þús. kr. Á móti falla niður tryggingagjöld, 2 204 þús. kr., þar sem slíkum gjöldum hefur verið dreift á hlutaðeigandi skóla.
- 402 **Fjármálaeftirlit skóla.** Fjárveiting er áætluð 316 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, en gert er ráð fyrir, að stofnunin starfi til miðs árs 1970. Hins vegar er haldið óbreyttum launum frá fjárlögum 1969 með það í huga, að verkefnin verði unnin í aðalskrifstofu ráðuneytisins og fjárveiting flytjist þangað, þegar til kemur.
- 421 **Fræðslumyndasafn.** Kostnaður eykst um 638 þús. kr., en tekjur um 80 þús. kr., þannig að fjárveiting hækkar um 558 þús. kr. Auk eðlilegra launauppbóta og lítils háttar hækkunar ýmissa rekstrarliða, stafar hækkunin af auknum kostnaði við kaup fræðslumynda, 500 þús. kr., en hér er um erlendan kostnað að ræða, og var fjárveiting ekki hækkuð vegna gengisbreytingarinnar sl. haust.
- 422 **Ríkisútgáfa námsbóka.** Nettóhækkun á kostnaði við ríkisútgáfu nemur 2 000 þús. kr. að meðtalinni afborgun láns. Hér er um að ræða leiðréttingu vegna verðhækkana og við það miðað, að útgáfustarfsemi haldist óbreytt, en framlag var ekki hækkað vegna síðustu gengisbreytingar. Þessi aukning felur það raunar í sér, að hreint framlag ríkissjóðs eykst um 667 þús. kr. og námsbókagjald um 1 333 þús. kr. eða 16.9% og verður 491 kr. á hvern gjaldanda.
- 431 **Iðnfræðsluráð.** Áætluð fjárveiting hækkar um 394 þús. kr. Launauppbætur o. þ. h. hækka um 72 þús. kr. og þóknun til fræðslunefnda um 100 þús. kr. Þá er tekin inn sérstök fjárveiting 150 þús. kr., vegna eftirlits með verklegu iðnnámi, og ýmsir rekstrarliðir hækka um 72 þús. kr.
- 501 **Tækniskólinn.** Framlag lækkar um 817 þús. kr. vegna þess, að byggingarframlag 1 700 þús. kr. fellur niður. Á hinn bóginn eykst rekstrarkostnaður um 1 183 þús. kr. vegna þess, að nú verður tekin upp kennsla í síðari hluta byggingar-tæknináms, og auk þess verður stofnuð raftæknideild haustið 1970. Kostnaður við þá deild er áætlaður 300 þús. kr. á næsta ári og hefur verið séð fyrir fé í því skyni og það fært sem tekjur skólans.
- 506 **Vélskólinn.** Fjárveiting hækkar um 1 234 þús. kr. vegna undirbúningsdeildar og námskeiðs á Akureyri auk námskeiðs í Vestmannaeyjum.
- 514—516 **Iðnskólar.** Kostnaður við iðnfræðslu hækkar um 3 740 þús. kr. og verður 26 832 þús. kr., þar af rekstur 19 632 þús. kr. (hækkun 2 080 þús. kr.) og byggingaframlög 7 200 þús. kr. (hækkun 1 660 þús. kr.). Hafa þá lífeyris-sjóðsframlög og launatengd gjöld verið færð á skólana, og veldur það ásamt launauppbótunum í maí sl. hækkun þeirri, er verður á rekstrarkostnaði.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarútgjöld skólans aukast um 1 043 þús. kr., enda þótt niður falli fjárfestingarframlag, 700 þús. kr. Veldur hér mestu, að launa-liður hækkar um 1 482 þús. kr., vegna launauppbótar o. þ. h. 810 þús. kr., ráðningar nýs ritara 145 þús. kr. og hækkunar launa nema, stundakennslu og annarra launa um 527 þús. kr. Ýmsir rekstrarliðir að meðtöldum vöxtum hækka um samtals 261 þús. kr. Á móti hækka tekjur, einkum af fæðissölu, um 1 400 þús. kr., þannig að fjárveiting lækkar um 357 þús. kr.
- 601—608 **Héraðsskólar.** Framlög til héraðsskóla hækka um samtals 2 740 þús. kr., sem er öll á rekstri, en byggingaframlög eru óbreytt frá fyrra ári, samtals 16 100 þús. kr. Af hækkuninni nema verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld 1 987 þús. kr., viðhald 258 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir 495 þús. kr., einkum vegna héraðsskólans á Eiðum, en þar er olíunotkun óvenju mikil og hafði viðkomandi liður ekki verið hækkaður sem skyldi við gengisbreytinguna sl. haust.
- 611—648 **Gagnfræðaskólar og miðskólar.** Heildarhækkun nemur 46 159 þús. kr., er skiptist þannig, að rekstrarkostnaður hækkar um 43 178 þús. kr. og verður í heild 199 363 þús. kr., en byggingaframlög vegna skóla, sem þegar hafa fengið fjárveitingar, hækka um 2 981 þús. kr. og verða í heild 21 000 þús. kr. Um

rekstrarkostnaðinn er það að segja, að launaliður hækkar um 41 496 þús. kr., en þar af eru 10 200 þús. kr. vegna færslu launatengdra gjalda á einstaka skóla, 12 500 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og 1 500 þús. kr. vegna tilfærslu í launaflokkum. Önnur hækkun er því 17 296 þús. kr. eða 9.7%, sem felur m. a. í sér aukið kennslumagn. Liðurinn önnur rekstrargjöld lækkar um 1 545 þús. kr., þar sem sveitarfélögin greiða nú að fullu ýmsan rekstrarkostnað, sem áður var skipt milli ríkis og sveitarfélaga, en hér er einkum um að ræða ræstingu, hitun og rafmagnsnotkun. Hins vegar hækkar þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði mjög verulega, og verður lækkun liðarins af þeim sökum minni en ella. Viðhaldskostnaður hækkar um 3 227 þús. kr., sem samsvarar tæplega hækkun á byggingarvísitölu.

- 649 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag hækkar um 1 482 þús. kr., þar af vaxtagreiðslur af byggingarláni 935 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar launauppbætur og hækkun ýmissa rekstrarliða, m. a. sumarnámskeiða fyrir nemendur skólans.
- 651—670 **Barnaskólar.** Framlag hækkar í heild um 47 950 þús. kr., þar af 39 850 þús. kr. vegna rekstrar, sem verður samtals 310 455 þús. kr., og 8 100 þús. kr. vegna byggingaframlaga, og nema þau í heild 124 755 þús. kr. Launaliður hækkar um 38 727 þús. kr., þar af launatengd gjöld 15 200 þús. kr. og verðlagsuppbætur á laun 15 000 þús. kr., þannig að önnur hækkun launa nemur 8 527 þús. kr. eða 3.3%, sem felur m. a. í sér aukið kennslumagn. Viðhald hækkar um 1 577 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 454 þús. kr., og eiga hér við sömu skýringar og getið var í athugasemdum við gagnfræða- og miðskóla hér að framan.
- 702 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 271 þús. kr., þar af styrkur vegna náms- og hælsvistar unglinga 160 þús. kr., framlag til að styrkja munaðarlausu, vanræktu eða fatlaða unglinga til náms 100 þús. kr. og launauppbætur barnaverndarráðs 11 þús. kr.
- 771 **Upptökuheimilið í Kópavogi.** Framlag hækkar um 579 þús. kr., vegna byggingarframlags, 500 þús. kr., og eðlilegra launahækkana o. þ. u. l. 79 þús. kr.
- 772 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækka um 11 738 þús. kr. og byggist það á samkomulagi um stuðning ríkisins við sjóðinn eftir föstum reglum. Er áætlað, að fjölgun styrkhæfra námsmanna við Háskóla Íslands verði 12% og við nám erlendis 6%, auk nokkurrar fjölgunar styrkhæfra nema við Tækniskólann og Kennaraskólann. Að öðru leyti á hækkun framlagsins rætur að rekja til aukningar á námsaðstoð, þ. e. hækkunar hlutfalls lánveitingar á móti eigin tekjum námsmanna, og til áhrifa gengisbreytingarinnar sl. haust á ferðakostnað, en það hafði ekki verið gert að fullu í fjárlögum 1969, þar sem fargjöld höfðu yfirleitt verið greidd fyrir gengisbreytinguna. Loks er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram 1 500 þús. kr. til endurgreiðslu bankalána, sem sjóðurinn hefur tekið í ár. Með framlagi ríkissjóðs og fyrirhuguðum lántökum, auk aukningar eigin fjár sjóðsins, mun verða unnt að auka lánveitingar um 13 023 þús. kr. og styrkveitingar um 1 311 þús. kr.
- 781 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Á þessum lið kemur fram 3 634 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum hækkar um 361 þús. kr. og til félagsstofnunar stúdenta um 3 480 þús. kr., þar af eru 430 þús. kr. fluttar af Háskóla Íslands, sem fyrr segir, en afgangur hækkunarinnar er vegna aukins byggingarframlags til félagsheimilis stúdenta. Framlag til leiðbeiningar námsmanna um val á námsefni er flutt af þessum lið á Háskóla Íslands, sbr. athugasemdir við þann lið, en það var 207 þús. kr. í fjárlögum 1969.
- 801 **Landsbókasafn.** Fjárveiting hækkar um 1 384 þús. kr. Launaliður hækkar um 941 þús. kr., þar af 741 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar og launatengdra gjalda og flokkahækkana og 200 þús. kr. vegna ráðningar bókarvarðar til að sjá um

- bókaskráningarmiðstöð, sem fyrirhugað er að koma á fót í þeim tilgangi að samræma bókakaup hinna ýmsu ríkisstofnana. Ýmsir rekstrarliðir hækka um 18 þús. kr. nettó og fjárveiting til bókakaupa um 425 þús. kr., en hér er um leiðréttingu að ræða vegna gengisbreytingarinnar sl. haust.
- 803 Þjóðminjasafn. Framlag hækkar um 2 962 þús. kr., og er stærsti hluti þeirrar hækkunar 2 160 þús. kr. fólgin í viðgerðarkostnaði á hitakerfi, rakakerfi, þakbrúnum o. fl., en verulegir gallar komu þar í ljós á sl. ári. Þá eru veittar til innréttinga í húsnæði safnsins 366 þús. kr., og framlag til örnefnasöfnunar er hækkað um 150 þús. kr. Aðrir rekstrarliðir hækka um 286 þús. kr. nettó, einkum vegna launauppbóta o. þ. h.
- 832 Þjóðgarðurinn, Skaftafelli. Hér er um nýjan lið að ræða í fjárlögum, og gert ráð fyrir 500 þús. kr. rekstrarframlagi á árinu 1970.
- 872 Þjóðleikhús. Framlag hækkar um 935 þús. kr., er hér eingöngu um að ræða hluta leikhússins af skemmtanaskatti. Heildarframlag ríkissjóðs án skemmtanaskattshluta er 6 000 þús. kr., og er það byggt á tillögum nefndar, sem skipuð var til athugunar á fjárhagsgrundvelli Þjóðleikhússins. Með vissum aðgerðum í rekstri leikhússins telur nefndin, að ríkissjóðsframlagið geti verið óbreytt næstu þrjú ár, þ. e. 6 000 þús. kr. á ári.
- 873 Sinfóníuhljómsveit. Í ár mun kostnaður af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar verða töluvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum, og er m. a. af þeim sökum gert ráð fyrir 1 028 þús. kr. aukningu á framlagi ríkissjóðs. Kostnaður hefði raunar orðið mun hærri, ef ekki hefði komið til samkomulag þeirra aðila, er kosta rekstur hljómsveitarinnar, um að gera sérstakar ráðstafanir til að bæta fjárhagsafkomuna. Er þar helzt um að ræða hækkun aðgöngumiðaverðs, sem hefur verið óeðlilega lágt, og nokkra lækkun kostnaðarliða.
- 882 Listir, framlög. Liðurinn hækkar um 1 195 þús. kr., og kemur hækkunin fram á eftirfarandi liðum: Tónlistarskólar 741 þús. kr., barnamúsíkskólinn í Reykjavík 120 þús. kr., til listkynninga erlendis 100 þús. kr. og listamenn 234 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar.
- 884 Norræn samvinna. Á þessum lið kemur fram 120 þús. kr. lækkun, og verða breytingar sem hér segir: Framlag til norræns samstarfs hækkar um 250 þús. kr., einkum vegna síðustu gengisbreytingar, til rekstrar Norræna hússins um 25 þús. kr., til Menningarsjóðs Norðurlanda um 87 þús. kr. og til norræna læknakennslusambandsins og tölfræðistofnunarinnar um samtals 40 þús. kr. Á móti lækkar byggingarframlag til Norræna hússins um 22 þús. kr. og niður fellur sérstök fjárveiting vegna bifreiðastæða þar, 500 þús. kr.
- 899 Ýmislegt. Á þessum lið verður lækkun fjárveitingar um 2 313 þús. kr., og eru breytingar sem hér segir: Inn er tekin sérstök fjárveiting til hreindýraeftirlits, 100 þús. kr., og styrkur vegna alþjóðaskákmóta hækkar um 25 þús. kr., en kostnaður við ritun og útgáfu sögu stjórnarráðsins lækkar um 74 þús. kr. Eftirfarandi liðir falla niður: Jarðfræðirannsóknir 1 464 þús. kr. (færast á Raunvísindastofnun Háskólans), til fræðslustarfsemi á vegum Stjórnunarfélags Íslands 100 þús. kr., til Svifflugfélags Íslands 100 þús. kr., vegna Ólympíuleikanna í Mexíkó 200 þús. kr., til norræns yrkisskólapingis á Íslandi 100 þús. kr., til minnisvarða um Guðmund góða og Ara fróða samtals 50 þús. kr., námskeið fyrir blaðamenn 100 þús. kr., Skíðaskólinn, Kerlingarfjöllum, 100 þús. kr., til Skáksambands Íslands vegna Olympíuskákmóts í Sviss 50 þús. kr., og til Íþróttasambands Íslands vegna landsmóta 100 þús. kr.

02 Utanríkisráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Kostnaður eykst um 1 262 þús. kr. og skiptist á viðfangsefni sem hér segir: Yfirstjórn hækkar um 1 540 þús. kr., þar af launauppbætur og launatengd gjöld 646 þús. kr., laun fulltrúa og ritara, er flytjast úr sendiráðum

- erlendis samtals 404 þús. kr., og ýmsir rekstrarliðir 490 þús. kr. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum ráðuneytisins hækkar um 138 þús. kr. og vegna kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráðin til landkynningar um 97 þús. kr., en kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum ráðuneytisins lækkar um 513 þús. kr.
- 201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurlflugvelli. Kostnaður hækkar um 2 686 þús. kr., þar af 900 þús. kr. vegna ráðningar þriggja lögregluþjóna til löggæzlu í herstöð á Sandgerðisheiði, en að öðru leyti skýrist hækkunin af eðlilegum launauppbótum og færslu launatengdra gjalda á liðinn.
- 301—310 Sendiráðin. Heildarfjárveiting til sendiráðanna er áætluð 5 916 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969. Rösklega helmingur þeirrar hækkunar, eða 3 391 þús. kr., stafar af því, að eftir samþykkt fjárlaga ársins 1969 var ákveðið með samþykki fjárveitinganefndar, að íslenskt starfsfólk sendiráðanna skyldi taka á sig hliðstæða kjararárningun og launþegar hér heima miðað við verðmæti launanna í erlendri mynt. Við gengisbreytinguna höfðu föstu launin hins vegar verið hækkuð um 1.5% eins og annars staðar í ríkisrekstrinum, en hin breytta ákvörðun hafði í för með sér framangreinda útgjaldaaukningu. Vegna verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á sendiráðin hækkar launaliður um 1 152 þús. kr. Þá hefur verið fallizt á hækkun launa í nokkrum sendiráðum vegna verðlagshækkana í viðkomandi löndum sem hér segir: Bonn 5%, Kaupmannahöfn 3.1%, Osló 5%, París 5%, Washington 5% og New York 5%. Kostnaðarauki af þessum sökum nemur 1 126 þús. kr. Að öðru leyti er um að ræða 247 þús. kr. nettóhækkun á ýmsum rekstrarliðum sendiráðanna.
- 400 Alþjóðastofnanir. Framlög til alþjóðastofnana lækka um 1 112 þús. kr. Eftirtaldir liðir hækka: Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins 94 þús. kr., tillag til S.Þ. 341 þús. kr., tillag til O.E.C.D. 265 þús. kr., tillag til Evrópuráðsins 74 þús. kr., tillag til NATO 469 þús. kr., tillag til tækniástoðar S.Þ. 484 þús. kr., tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunar 90 þús. kr., tillag til UNESCO 27 þús. kr., framlag til GATT 72 þús. kr., framlag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 279 þús. kr. og til alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar 50 þús. kr. Á móti lækka framlög til varnarliðs S.Þ. um 570 þús. kr., til þingmannasambands NATO um 9 þús. kr. og til heimssýningar í Japan 1970 um 9 þús. kr., og eftirtaldir liðir falla niður: Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar 111 þús. kr., heimssýningin í Montreal 309 þús. kr., heimildarkvikmynd um Ísland á vegum kvikmynda-deildar Atlantshafsbandalagsins 367 þús. kr. og loks framlag til IDA 1 982 þús. kr.

03 Atvinnumálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Sú 364 þús. kr. hækkun, sem verður á kostnaði við aðalskrifstofu ráðuneytisins, skýrist að fullu af eðlilegum verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.
- 201 Búnaðarfélag Íslands. Á liðnum kemur fram lækkun um 3 888 þús. kr., sem skýrist þannig: Laun héraðsráðunauta, 4 528 þús. kr. í fjárl. 1969, eru flutt á annan fjárlagalið, landbúnaður, framlög, jarðræktarframlög, en á öðrum liðum verður nettóhækkun um 640 þús. kr., vegna launauppbóta 482 þús. kr. og hækkunar ýmissa rekstrarliða um 158 þús. kr.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Áætluð fjárveiting hækkar um 1 704 þús. kr., þar af 985 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda, en afgangurinn, 719 þús. kr., dreifist nokkuð jafnt á einstök viðfangefni stofnunarinnar.
- 230 Skógrækt ríkisins. Af þeirri 851 þús. kr. hækkun fjárveitingar, sem áætluð er til skógræktar, nema verðlagsuppbætur á laun o. þ. h. 462 þús. kr. Þá eru tekin inn full laun skógarvarðar í Eyjafirði í stað hálfra áður, framlag til Skóg-

- ræktarfélag Íslands er hækkað um 250 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar dreifist á hin ýmsu viðfangsefni.
- 235 **Landgræðsla.** Verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld nema 218 þús. kr. og hækkun framlags til landgræðslu 500 þús. kr., þannig að fjárveiting eykst í heild um 718 þús. kr.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Heildarhækkun á þessum lið nemur 29 914 þús. kr., og breytast eftirfarandi liðir: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 30 000 þús. kr., jarðræktarframlög um 13 008 þús. kr., og er þar með talin tilfærsla launa héraðsráðunauta af Búnaðarfélagi Íslands, 5 008 þús. kr., framlög til búfjárræktar skv. lögum nr. 21/1965 um 1 956 þús. kr. og framlag til mjólkurbúa og smjörsmalaga um 800 þús. kr. Á móti falla niður framlög til framleiðni-sjóðs landbúnaðarins 10 000 þús. kr. og framlag til bænda 5 000 þús. kr., en lagaákvæði um þessi framlög náðu fram til ársins 1969, og loks er framlag til sjóvarnargarða, 850 þús. kr., flutt á liðinn „Hafnamál“ undir samgöngu-málaráðuneytinu.
- 302 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 9 858 þús. kr., og má segja að til þess liggi þrjár meginorsakir. Í fyrsta lagi nema verðlags-uppbætur á laun og launatengd gjöld um 2 000 þús. kr., í öðru lagi hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 500 þús. kr., einkum vegna kaupa á veiðarfær-um í síldarleitarskip, og í þriðja lagi skýrist afgangur hækkunarinnar af því, að á miðju ári 1970 er gert ráð fyrir, að útgerð hins nýja hafrannsóknaskips, Bjarna Sæmundssonar, hefjist, og er því um að ræða rekstrarkostnað skipsins og aukningu starfa í landi, sem af starfsemi þess leiðir.
- 303 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Fjárveiting er áætluð 1 069 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þar af 853 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn og 216 þús. kr. vegna ráðningar nýs tæknifræðings.
- 311 **Fiskmat ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 1 926 þús. kr. hækkun fjárveitingar. Flokkahækkunir fiskmatsmanna, verðlagsuppbætur á laun og færsla launa-tengdra gjalda orsaka samtals 1 626 þús. kr. hækkun, og ýmsir aðrir kostnaðarliðir hækka um 300 þús. kr.
- 371 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Hækkun framlags úr ríkissjóði nemur 28 000 þús. kr., en samtals eru útgjöld 34 000 þús. kr. Greiðsla til skipasmíða-stöðvarinnar við afhendingu nemur 14 630 þús. kr., afborgun af lánum 8 400 þús. kr. og vextir af lánum 7 360 þús. kr. Þá eru greiðslur til eftirlitsmanna og ferðakostnaður og dagpeningar áhafnar, er skipið verður sótt, áætlað sam-tals 3 610 þús. kr. Á móti þessum kostnaði kemur hluti útflutningsgjalds, sem fært er í tekjuhlið frumvarpsins, 6 050 þús. kr., þannig að hreinn kostnaður ríkissjóðs verður 27 950 þús. kr. á árinu 1970.
- 373 **Byggingarsjóður síldarleitarskips.** Hér er um að ræða framlag til sjóðsins til að standa undir endurgreiðslum lána vegna smíði skipsins. Hækkar framlagið um 2 410 þús. kr. og nemur 12 700 þús. kr., en á móti kemur síldargjald úr tekjuhlið frumvarpsins, 3 500 þús. kr., þannig að nettóframlag ríkissjóðs á árinu 1970 er áætlað 9 200 þús. kr.
- 374 **Aflatryggingarsjóður sjávarútvegsins.** Hækkun framlags nemur 9 850 þús. kr., sem skýrist af því, að inn er tekið nýtt framlag til áhafnadeildar, 10 000 þús. kr., en áætlað framlag ríkissjóðs móti útflutningsgjaldi lækkar um 150 þús. kr. Er þá miðað við, að framlengt verði ákvæði laga frá síðasta Alþingi, um að framlag ríkissjóðs skuli vera fjórðungur útflutningsgjalds.
- 401 **Orkustofnun.** Sú lækkun á heildargjöldum og tekjum stofnunarinnar, sem fram kemur í A-hluta frumvarpsins, stafar af því, að fjárreiður jarðborana ríkisins og jarðvarmaveitu ríkisins eru dregnar út úr og birtar í B-hluta. Þá hefur verið gerð sú breyting að sameina rafmagnseftirlit ríkisins stofnuninni færslulega, og er því sú 13 244 þús. kr. hækkun framlags, sem fram kemur í frumvarpinu, ekki raunhæf, þar sem rafmagnseftirlitsgjald er fært sem almennar tekjur ríkis-

- sjóðs. Er gjaldið áætlað 9 400 þús. kr. árið 1970, þannig að raunveruleg hækkun fjárveitingar til Orkustofnunar nemur 3 844 þús. kr. Skýrist hún af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum, samtals 2 439 þús. kr., og hækkun ýmissa rekstrarliða 1 405 þús. kr. eða 5%.
- 471 **Orkusjóður, framlag.** Framlag hækkar um 81 300 þús. kr., þar af 70 000 þús. kr. vegna færslu verðjöfnunargjalds á sjóðinn, en gjaldið var, sem kunnugt er, tvöfaldað fyrr á þessu ári. Þá hækkar framlag til sveitarafvæðingar um 5 000 þús. kr., og tekinn er inn fjárveiting til að standa undir endurgreiðslum lána vegna virkjunarrannsóknna, 6 300 þús. kr.
- 559 **Húsmæðraskólar utan kaupstaða, almennt.** Sú 866 þús. kr. hækkun, sem verður á þessum lið, á einkum rætur að rekja til aukinna byggingaframlaga og meiri viðhaldskostnaðar.
- 911 **Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.** Fjárveiting hækkar um 687 þús. kr., sem skýrist af verðlagsuppbótum á laun o. þ. h. og auknum viðhaldskostnaði bygginganna á Keldnaholti, en slíkur kostnaður er færður á skrifstofuna.

04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld hækka um 832 þús. kr. vegna eðlilegrar hækkunar launaliðs, 619 þús. kr., en ýmsir kostnaðarliðir hækka um samtals 213 þús. kr.
- 202 **Hæstiréttur.** Sú 602 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skiptist þannig: Verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 249 þús. kr., sérstök fjárveiting vegna 50 ára afmælis Hæstaréttar 350 þús. kr. og önnur útgjöld nettó 3 þús. kr.
- 203 **Saksóknari ríkisins.** Kostnaður hækkar um 557 þús. kr., þar af 424 þús. kr. vegna eðlilegra hækkana á launalið, 70 þús. kr. vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ljósprentunarvél og 63 þús. kr. nettó vegna annarra liða, einkum aukinnar sérfræðiaðstoðar.
- 206 **Sakadómaraembætti.** Sú 592 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, á rætur að rekja til ráðningar nýs fulltrúa, 275 þús. kr., og eðlilegra launuppbóta.
- 208 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Hækkunin á þessum lið, 1 045 þús. kr., er eingöngu vegna aukinna vaxtagreiðslna, en fjárveiting til byggingarframkvæmda er óbreytt frá fjárl. 1969, 3 150 þús. kr. Auk þess er áætlað, að aflað verði 7 000 þús. kr. láns til framkvæmda, sbr. drög að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem fylgir þessu frumvarpi.
- 210—234 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Í heild hækkar fjárveiting til embættanna um 7 329 þús. kr., er skýrist þannig: Verðlagsuppbætur á laun og færsla launatengdra gjalda á viðkomandi embætti nema samtals 5 262 þús. kr., framlag til bygginga embættisbústaða hækkar um 500 þús. kr., stofnkostnaður við að koma á vélabókhaldskerfi á Akureyri veldur 230 þús. kr. hækkun og afgangurinn, 1 337 þús. kr., skiptist á ýmsa kostnaðarliði hinna ýmsu embætta 24 að tölu.
- 244 **Vinnuhælið á Litla-Hrauni.** Hrein hækkun á áætlaðri fjárveitingu nemur 1 998 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir 1 000 þús. kr. til stækkunar hælisisins, vinnulaun fanga hækka um 250 þús. kr., verðlagsuppbætur á laun og launatengd gjöld nema 548 þús. kr. og nettóhækkun á öðrum rekstrarkostnaði er 200 þús. kr., en þessi liður hefur reynzt fulllág áætlaður í fjárlögum 1969.
- 246 **Fangelsið í Síðumúla.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða, og er áætlað, að rekstrarkostnaður allt árið 1970 nemi 2 700 þús. kr. Um næstu áramót er ráðgert að taka fangageymslur í nýju lögreglustöðvarbyggingunni í notkun, og tekur hún þá við hlutverki því, sem Síðumúlafangelsið nú gegnir, en hið síðarnefnda verður afplánunarfangelsi.
- 247 **Landhelgisgæzla.** Á liðnum verður 3 855 þús. kr. hækkun, en þegar tekið er tillit til þess, að framlög í landhelgissjóð hækka um 2 907 þús. kr. og verðlagsupp-

- bætur á laun nema 2 331 þús. kr., kemur í ljós, að raunverulega er um 1 383 þús. kr. lækkun á rekstrarkostnaði að ræða. Skýrist það af því, að greiðsla fyrir bókhaldsþjónustu til Skipaútgerðar ríkisins, sem verið hefur 1 500 þús. kr., fellur nú niður, þar sem rekstrardeild ríkisskipa hefur tekið við því hlutverki, og auk þess hefur einn starfsmaður flutzt til rekstrardeildarinnar.
- 252 **Bifreiðaeftirlit.** Áætluð fjárveiting hækkar um 1 523 þús. kr., þar af 1 179 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda. Hækkun á ýmsum rekstrarliðum nemur samtals 344 þús. kr.
- 253 **Almannavarnir.** Liðurinn hækkar um 602 þús. kr., þar af 500 þús. kr. vegna framlags til almannavarnanefnda sveitarfélaga skv. lögum. Að öðru leyti er um að ræða verðlagsuppbætur á laun og eðlilegar kostnaðarhækkanir.
- 281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Framlög hækka um 560 þús. kr. og verða eftirtaldar breytingar á einstökum liðum: Kostnaður vegna meðdómsmanna hækkar um 584 þús. kr., vegna setu- og varadómara um 86 þús. kr. og vegna útgáfu norræns dómásafns 44 þús. kr. Á móti lækkar málskostnaður um 150 þús. kr. nettó, og kostnaður við siglingadóm og próf málflytjenda um samtals 4 þús. kr.
- 282 **Löggæzla.** Eins og skýrt var frá í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi 1969, var með lögum nr. 5/1968 um lækkun ríkisútgjalda ákveðið að gera ráðstafanir til að draga úr löggæzlukostnaði. Málið hefur reynzt mjög umfangsmikið og m. a. komið til meðferðar í undirnefnd fjárveitinganefndar, sem nú hefur gert ákveðnar tillögur í málinu. Enda þótt frumvarpið geri ráð fyrir 11 239 þús. kr. hækkun fjárveitingar til löggæzlu frá fjárlagatölu 1969, er hér samt sem áður um mun minni hækkun að ræða en vera ætti, ef fylgt væri gildandi lögum um lögreglumenn. Hafa tillögur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um fjárveitingar árið 1970 verið lækkaðar um tæplega 7 500 þús. kr. eftir að tillit hafði verið tekið til verðlagsuppbóta á laun. Hér er ekki um nákvæmar tölur að ræða, hvorki í heild né varðandi einstök viðfangsefni, en fjárlagatillögurnar eru, eftir því sem unnt var, byggðar á tillögum undirnefndar fjárveitinganefndar. Er málið nú í athugun hjá hlutaðeigandi ráðuneyti.
- 283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Á þessum lið verður 1 795 þús. kr. lækkun, og breytast einstök viðfangsefni sem hér segir: Framlag til fangaklefa lögreglunnar í Reykjavík lækkar um 1 922 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til tekna á þessum lið (þ. e. framlags Reykjavíkurborgar til rekstrar). Þetta stafar af því, að í meðförum þingsins var fært á liðinn sérstakt byggingarframlag vegna fangaklefa í nýju lögreglustöðvarbyggingunni, 2 000 þús. kr., þannig að raunverulega er um að ræða 78 þús. kr. hækkun á rekstrarframlagi ríkissjóðs. Framlag til fangahúsa utan Reykjavíkur hækkar um 100 þús. kr. og til fanga-hjálpar og eftirlits með brotamönnum um 90 þús. kr. Á móti lækkar áætlaður sjúkrakostnaður refsifanga um 63 þús. kr.
- 301 **Landlæknisembættið.** Á þessum lið kemur fram 3 568 þús. kr. hækkun fjárveitingar, sem skýrist annars vegar af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum færðum á einstök viðfangsefni, eftir því sem við á, og hins vegar af liðnum „Heilbrigðis- og mjólkureftirlit“, sem lögfest hefur verið. Á þann lið er einnig færður kostnaður við gisti- og veitingastaðaeftirlitið, sem áður var undir samgöngumálaráðuneytinu.
- 303 **Ríkisspítalar, skrifstofa.** Hækkunin, 1 203 þús. kr., stafar af verðlagsuppbótum á laun o. þ. u. l., 853 þús. kr., og aukinni aðkeyptri skýrsluvélaþjónustu 350 þús. kr.
- 313 **Rannsóknastofnun Háskólans.** Verðlagsuppbætur á laun o. þ. h. valda 1 084 þús. kr. hækkun og kostnaðaraukning á öðrum rekstrarliðum samtals 569 þús. kr. hækkun, en vegna tekjuaukningar um 626 þús. kr. hækkar framlag ríkissjóðs þó einungis um 1 027 þús. kr.
- 318 **Blóðbankinn.** Heildarútgjöld hækka um 1 270 þús. kr. en tekjur um 1 204 þús. kr., þannig að framlag ríkisins eykst um 66 þús. kr. Samþykkt hefur verið

ráðning nýs meinatækis að stofnuninni vegna nýs verkefnis, svonefndra resus-varna, sem er ný þjónusta á fæðingardeild Landspítalans.

371—377 Ríkisspítalar. Framlög til rekstrar ríkisspítalanna eru miðuð við núverandi daggjöld, og sýnir eftirfarandi yfirlit breytingar á beinum framlögum ríkissjóðs til rekstrar og byggingaframkvæmda einstakra sjúkrahúsa:

	Rekstur	Byggingar og afborganir	Samtals
Landspítalinn	÷ 8 578	2 100	÷ 6 478
Fæðingardeild Landspítalans	2 184	10 000	12 184
Geðveikrahælið á Kleppi	3 483	—	3 483
Heilsuhælið á Vífilstöðum	1 088	—	1 088
Heilsuhælið í Kristnesi	93	÷ 1 000	÷ 907
Fávítahælið í Kópavogi	÷ 718	—	÷ 718
Holdsvaikraspítalinn í Kópavogi	228	—	228
Samtals	÷ 2 220	11 100	8 880

Enda þótt fram komi 2 220 þús. kr. lækkun rekstrarframlaga á þessu yfirliti, gefur það engan veginn rétta mynd af þróun sjúkrakostnaðar. Eftir þá breytingu, sem gerð var á greiðslukerfi sjúkratrygginganna á sl. ári, er nú mun meiri hluti kostnaðarins borinn uppi af daggjaldatekjum sjúkrahúsanna, og beinast fjárframlög ríkissjóðs í samræmi við það í auknum mæli til Tryggingastofnunar ríkisins, en eins og skýrt er á öðrum stað í greinargerðinni hækka framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga um 180 700 þús. kr. frá fjárlögum 1969. Helztu breytingar á mannhaldi ríkisspítalanna eru eftirfarandi: Heimiluð er ráðning tveggja sérmenntaðra hjúkrunarkvenna á lyflæknisdeild Landspítalans, og þá gert ráð fyrir, að í stað þeirra staða, sem við það losna, en hlutaðeigandi hjúkrunarconur munu þegar starfandi og til þess notaðar fjárveitingar vegna starfa, sem ekki er ráðið í, verði ráðnir tveir ritarar til að létta ritarastörfum af hjúkrunarliði. Ekki er gert ráð fyrir, að nýjar deildir hefji starfsemi á Landspítalanum á árinu. Á geðveikrahælinu á Kleppi hefur verið heimiluð ráðning sérfræðings og tveggja hjúkrunarkvenna vegna eftirmeðferðardeildar og á heilsuhælinu í Kristnesi er heimiluð fastráðning starfsfólks í fimm og hálfu stöðu, en viðkomandi hafa starfað þar um lengri tíma. Um byggingaframlög er það að segja, að tekin er inn 10 000 þús. kr. fjárveiting til fæðingardeildar Landspítalans, framlag til Kristness, 1 000 þús. kr., fellur niður, þar sem framkvæmd er lokið, en að öðru leyti er um óbreytt byggingaframlög að ræða. Sú 2 100 þús. kr. hækkun, sem yfirlitið sýnir til Landspítalans, er vegna afborgunar lána. Í heild hækka framlög til ríkisspítalanna þannig um 8 880 þús. kr.

- 381 Til sjúkrahúsa og læknisbústaða. Fjárveiting er áætluð 4 557 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, og verða eftirtaldar breytingar á einstökum viðfangsefnum: Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa skv. lögum fellur nú niður vegna áður nefndrar breytingar á greiðslukerfi sjúkratrygginganna, en framlag ríkissjóðs var 8 420 þús. kr. í fjárlögum 1969. Framlög til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða hækka um 1 000 þús. kr. vegna endurbyggingar læknisbústaðar á Reykhólum. St. Jósefsspítali, byggingarstyrkur hækkar um 1 350 þús. kr. vegna gengistaps á áhvílandi lánnum og styrkir til heilsuverndarstöðva hækka um 1 513 þús. kr.
- 382 Fávitar, framfærsla. Framlag hækkar um 7 892 þús. kr. vegna fjölgunar vistdaga, en nýtt vistheimili verður tekið í notkun á Akureyri á árinu, og hækkun daggjalda er hér áætluð 6%, enda þótt endanleg ákvörðun um það hafi ekki ennþá verið tekin.
- 399 Ýmis heilbrigðismál. Liðurinn hækkar um 866 þús. kr., og eru helztu breytingar þessar: Ráðstafaðir tekjustofnar til Hjartaverndar og Minningarsjóðs Land-

spítalans hækka um samtals 500 þús. kr., inn eru teknir nýir liðir vegna daggjaldanefndar, 450 þús. kr., og eiturefnanefndar, 200 þús. kr., framlag vegna héraðshjúkrunarkvenna hækkar um 130 þús. kr. og til að bæta héraðslæknisþjónustu um 150 þús. kr., en niður falla framlög til eyðingar meindýra, 250 þús. kr., og til heilsuhælis N.L.F.Í. 320 þús. kr.

- 401 Þjóðkirkjan. Hækkun fjárveitinga til þjóðkirkjunnar nemur 5 212 þús. kr. og kemur einkum fram á liðnum prestar og prófastar, 4 726 þús. kr. Stafar sú hækkun fyrst og fremst af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn. Þá hækkar kostnaður við biskupsbústað um 322 þús. kr. og við yfirstjórn um 257 þús. kr., þ. á. m. vegna fyrirhugaðrar ferðar biskups á þing lútherska heimssambandsins í Brasilíu. Á móti falla niður liðirnir „bygging prestseturs í Odda“ 200 þús. kr. og „til Hallgrímskirkju í Saurbæ“ 25 þús. kr., en framlag til heimtaugargjalda er fært á liðinn „byggingar á prestsetrum“. Nettóhækkun á öðrum liðum nemur samtals 132 þús. kr.
- 901 Húsameistari ríkisins. Liðurinn hækkar um 711 þús. kr., en skýrist af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.
- 971 Gæzluvistarsjóður. Hér er umi að ræða hluta af hagnaði ÁTVR 7 500 þús. kr., sem er óbreytt frá fyrra ári, og auk þess nýja fjárveitingu, 1 500 þús. kr., til húsnæðisaukningar vegna drykkjusjúklinga.

05 Félagsmálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting hækkar um 395 þús. kr., þar af 252 þús. kr. vegna ráðningar fulltrúa til starfa á sviði vinnumála, og þar sem verðlagsuppbætur og launatengd gjöld nema samtals 300 þús. kr., verður 157 þús. kr. lækkun á öðrum kostnaðarliðum.
- 271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög til almannatrygginga að frátöldum atvinnuleysisstryggingum hækka um 204 100 þús. kr. frá fjárlögum 1969. Í þessari tölu eru fólgirnir persónuskattar til almannatrygginganna, er hækka um samtals 43 200 þús. kr., þ. e. almannatryggingagjald 24 400 þús. kr., lífeyristryggingagjald atvinnurekenda 6 800 þús. kr. og slysatryggingagjöld 12 000 þús. kr. Mismunurinn, 160 900 þús. kr., er því hækkun á hreinu framlagi ríkissjóðs og skýrist þannig: Framlag til sjúkratrygginga hækkar um 180 700 þús. kr. Áætlað framlag á fjárlögum 1969 var 616 000 þús. kr., en endurskoðuð áætlun hefur leitt í ljós, að kostnaður muni reynast 650 000 þús. kr., þannig að á vantar 34 000 þús. kr., og auk þess nam skuld í byrjun þessa árs 7 100 þús. kr. Verður því áætluð skuld ríkissjóðs til sjúkratrygginganna um næstu áramót 41 100 þús. kr. Aukning ríkissjóðsframlags árið 1970 var fyrir síðustu daggjaldabreytingu áætluð 79 000 þús. kr. (þ. e. fyrrnefnd skuld 41 100 þús. kr. og raunveruleg kostnaðaraukning 37 900 þús. kr.), en við daggjaldahækkunina jókst framlagið enn um 62 600 þús. kr. Samtals eru þetta 182 700 þús. kr., en frá dregst áætluð þátttaka héraðssamlaganna í embættiskostnaði sýslumanna, er hafa á hendi framkvæmd sjúkratryggingamála þeirra, 2 000 þús. kr., þannig að endanleg hækkun á framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginga verður sem fyrr segir 180 700 þús. kr. Framlag til lífeyristrygginga lækkar hins vegar um 19 800 þús. kr. Framlag í fjárlögum 1969 mun vera vanáætlað um 10 000 þús. kr., en í ársbyrjun 1969 var innstæða ríkissjóðs hjá lífeyristryggingum 45 700 þús. kr., og þegar einnig er tekið tillit til þátttöku í embættiskostnaði sýslumanna og bæjarfógeta, 6 500 þús. kr., á því ári, reynist áætluð innstæða ríkissjóðs um næstu áramót 42 200 þús. kr. Framlag ríkissjóðs árið 1970 er áætlað að hækki um 29 900 þús. kr. frá fjárlögum 1969, og þátttaka í embættiskostnaði sýslumanna og bæjarfógeta, sem kemur til frádráttar, verður 7 500 þús. kr., þannig að endanlegt framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginga lækkar um 19 800 þús. kr., sem fyrr greinir.

- 272 Framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 20 800 þús. kr., en að frátöldu atvinnuleysistryggingagjaldi úr tekjuhlíð frumvarpsins, sem hækkar um 7 500 þús. kr., nemur hækkunin á hreinu ríkissjóðsframlagi 13 300 þús. kr. Skýrist sú hækkun þannig, að framlag ríkissjóðs móti gjaldi atvinnurekenda hækkar um 15 000 þús. kr., vanáætlun í fjárlögum 1969 er talin 300 þús. kr., en innstæða í ársbyrjun 1969 reyndist 2 000 þús. kr.
- 371 Húsnæðismálastofnun ríkisins. Á þessum lið kemur fram 34 650 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Launaskattur hækkar um 32 000 þús. kr., byggingasjóðsgjöld af innflutningi og tekju- og eignarskatti hækka um 2 594 þús. kr. og laun húsnæðismálastjórnar og framkvæmdastjóra hækka um 56 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta o. fl.
- 372 Byggingasjóður verkamanna. Framlag lækkar um 200 þús. kr., sem stafar af því, að teiknikostnaður er áætlaður lægri en í fjárlögum 1969 sem þessari fjárhæð nemur.
- 601 Skipulagsstjóri. Fjárveiting hækkar um 835 þús. kr., sem stafar annars vegar af verðlagsuppbótum á laun og hins vegar af nokkurri aukningu starfseminnar. Heildarframlag er 8 600 þús. kr., sem er sama fjárhæð og áætlað skipulagsgjald, sem fært er teknamegin í frumvarpið.
- 973 Framlag til atvinnujöfnunarsjóðs lækkar um 20 000 þús. kr. Niður fellur sérstök fjárveiting í fjárlögum 1969, 50 000 þús. kr., en inn er tekinn nýr liður, álgjald, þ. e. framleiðslugjald álverksmiðjunnar í Straumsvík, en hlutí atvinnujöfnunarsjóðs af því er áætlaður 30 000 þús. kr. á árinu 1970.
- 999 Ýmis framlög. Fjárveiting til þessa liðar hækkar um 3 018 þús. kr., og eru helztu breytingar einstakra viðfangsefna þessar: Inn er tekinn nýr liður, „Til lífeyrissjóða verkalýðsfélaga“, 6 250 þús. kr., í samræmi við samkomulag við lausn kjaradeilu fyrr á þessu ári. Liðurinn „Meðlög skv. lögum nr. 87/1947“ hækkar um 1 840 þús. kr. og hækkun annarra liða nemur samtals 273 þús. kr. Á móti falla niður framlög til eftirtalinnna viðfangsefna: Blindrafélagið, byggingarstyrkur, 120 þús. kr., Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur, 1 500 þús. kr., Bandalag íslenzkra skáta, byggingarstyrkur, 100 þús. kr., dagheimili, byggingastyrkir, 525 þús. kr., Geðverndarfélagið, byggingarstyrkur, 2 000 þús. kr. og til Flugmálafélags Íslands, í tilefni af 50 ára afmæli flugsins, 100 þús. kr. Loks er framlag til orlofsheimilis BSRB flutt á fjárlagalið undir fjármálaráðuneytinu, en framlagið nam 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1969.

06 Fjármálaráðuneytið.

- 101 Aðalskrifstofa. Á þessum lið verður 1 329 þús. kr. hækkun. Launaliður hækkar um 1 019 þús. kr., þar af 910 þús. kr. vegna verðlagsuppbóta á laun og launatengdra gjalda og 109 þús. kr. vegna nefndakostnaðar o. þ. u. l. Aðrir kostnaðarliðir hækka um 310 þús. kr., m. a. vegna aukinnar skýrsluvélanotkunar launadeildar ráðuneytisins.
- 103—104 Ríkisbókhald og ríkisféhirzla. Á þessum liðum, sem nú eru gerðir að tveimur fjárlagaliðum í stað eins á fjárlögum 1969, verður 814 þús. kr. hækkun, þar af 579 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun og launatengdra gjalda. Afgangur hækkunarinnar, 235 þús. kr., kemur eingöngu fram á ríkisbókhaldi, en nauðsynlegt er að bæta starfsaðstöðu bókhaldsins nokkuð, m. a. til þess að það geti annað því hlutverki, sem því er ætlað með lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.
- 201—211 Embætti ríkisskattstjóra og skattstofur. Skv. frumvarpinu vex kostnaður við skattstjóraembættin um samtals 4 781 þús. kr. Er meginhluti þeirrar hækkunar, eða 4 571 þús. kr., fölginn í færslu launatengdra gjalda á einstök embætti og verðlagsuppbótum á laun. Að öðru leyti er um að ræða 210 þús. kr. nettóhækkun, einkum vegna aukinnar skýrsluvélanotkunar embættanna.

- 251 **Gjaldheimtan í Reykjavík.** Skv. áætlun Gjaldheimtunnar lækkar framlag ríkissjóðs um 1 097 þús. kr. Útgjöld lækka um 697 þús. kr., en tekjur hækka um 400 þús. kr.
- 261—282 **Tollamál.** Framlag til tollamála hækkar um 8 875 þús. kr., þar af 1 593 þús. kr. hækkun tollstöðvargjalds. Afgangurinn, 7 282 þús. kr., skýrist þannig, að launatengd gjöld og verðlagsuppbætur á laun nema 5 167 þús. kr., og inn er tekinn sérstakur liður vegna sameiginlegra útgjalda, þ. e. prentun eyðublaða o. þ. h. 2 000 þús. kr., en í hinu nýja formi fjárlaga hefur láðst að áætla fyrir þessum kostnaði, sem færður var á 11. gr. C í eldri fjárlögum. Að öðru leyti hækka ýmis rekstrargjöld um 115 þús. kr.
- 381 **Uppbætur á lífeyri.** Þessi liður lækkar um 41 995 þús. kr. Framlög til lífeyrisjóða, sem voru 45 675 þús. kr., falla nú niður af þessum lið, þar sem þau hafa verið færð á einstakar stofnanir og nema í heild 52 282 þús. kr. Hins vegar hækka uppbætur á lífeyri um 3 680 þús. kr.
- 402 **Fasteignamat.** Kostnaður við fasteignamat lækkar um 4 661 þús. kr., og gert er ráð fyrir tekjulið að fjárhæð 2 000 þús. kr., þannig að framlag ríkissjóðs lækkar um 6 661 þús. kr. Miðað er við, að heildarmati því, sem unnið hefur verið að á undanförunum árum, ljúki um næstu áramót.
- 971 **Ríkisábyrgðasjóður.** Framlag hækkar um 8 000 þús. kr., sem kemur þannig fram, að áhættuútgjald vegna ríkisábyrgða er áætlað 2 000 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1969, en hreint ríkissjóðsframlag hækkar um 10 000 þús. kr.
- 972 **Hlutabréf ríkisins.** Fjárveiting hækkar um 4 166 þús. kr. Til innlausnar á hlutabréfum í Áburðarverksmiðju ríkisins eru áætlaðar 5 900 þús. kr., en niður fellur fjárveiting til hlutabréfakaupa í Flugfélagi Íslands, sem var 1 734 þús. kr. í fjárlögum 1969.
- 981 **Ríkisbifreiðar, framlag.** Hækkunin nemur 2 000 þús. kr., en í meðferð fjárlagafrumvarpsins á síðasta Alþingi var áætluð fjárveiting lækkuð um þessa upphæð. Hefur þessi ráðstöfun vafalítið valdið verulegri hækkun rekstrarkostnaðar á bifreiðum ríkisins, sem ekki hefur reynzt unnt að endurnýja svo ört sem skyldi sökum ónógrar fjárveitingar.
- 991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Framlög vegna vaxtagreiðslna af ýmsum lánum ríkissjóðs hækka um 43 486 þús. kr. Er hér fyrst og fremst um að ræða vaxtagreiðslur af skuldabréfaláni ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna breytingar yfirdráttarskuldar í fast lán, 40 000 þús. kr., og greiðslu vaxta af láni til Áburðarsölu ríkisins vegna gengismunar, 3 254 þús. kr. Nettóhækkun á öðrum vaxtagreiðslum er 232 þús. kr. Þess skal getið, að vaxtagreiðslur vegna yfirdráttarláns í Seðlabanka voru áætlaðar 11 500 þús. kr. á öðrum lið í fjárlögum 1969, þannig að raunveruleg hækkun er lægri sem því nemur, eða 31 986 þús. kr.
- 999 **Ýmislegt.** Á þessum lið kemur fram 35 776 þús. kr. hækkun, og breytast einstök viðfangsefni sem hér segir: Inn er tekin sérstök fjárveiting að fjárhæð 45 000 þús. kr. vegna verðlagsuppbótar á laun í september og desember, en gert er ráð fyrir, að bótunum verði dreift á launaliði einstakra stofnana, þegar endanleg vissa fæst um upphæð bótanna. Þá er færð á þennan lið fjárveiting til orlofsheimilis BSRB 2 500 þús. kr., sem var 1 000 þús. kr. í fjárlögum 1969 undir félagsmálaráðuneytinu. Kostnaður við kjarasamninga eykst um 126 þús. kr., en styrkur til dagblaða lækkar um 350 þús. kr. Loks falla vaxtagreiðslur af yfirdráttarlánnum hjá Seðlabanka niður af þessum lið, sbr. aths. við lið 991 hér næst á undan.

07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Sú 256 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist að mestu af verðlagsuppbótum á laun og launatengdum gjöldum.
- 211 **Vegagerð.** Fjárlagaáætlun vegagerðar er byggð á vegaáætlun fyrir árið 1969—1972. Tekjustofnar vegasjóðs eru þessir:

	Þús. kr.
Gúmmigjald	47 600
Innflutningsgjald af benzini	405 200
Bifreiðaskattur	130 800
Veggjald	16 500

Samtals 600 100

Útgjöld á rekstrarreikningi vegagerðar eru 584 737 þús. kr. og mismunur tekna og gjalda því 15 363 þús. kr. Þar sem 23 300 þús. kr. af tekjum vegasjóðs ganga til endurgreiðslu lána af Reykjanesbraut, þ. e. veggjald 16 500 þús. kr. og annað vegasjóðsfé 6 800 þús. kr., er raunverulega um 7 937 þús. kr. halla að ræða á rekstrarreikningi. Þessi halli er fjármagnaður með ríkissjóðsframlögum, annars vegar til Kísilvegjar 7 000 þús. kr., og hins vegar til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, til lagfæringar á bílastæðum við fjölsóttu ferðamannastaði og til rekstrar snjóþíla o. fl., samtals 937 þús. kr. Endurgreiðslur lána, þ. e. lánahreyfingar út, samtals 44 300 þús. kr., eru fjármagnaðar annars vegar með fyrrnefndri fjárhæð úr vegasjóði, 23 300 þús. kr., og hins vegar með beinu ríkissjóðsframlagi, 21 000 þús. kr.

321 **Strandferðir, framlög.** Á liðnum kemur fram 700 þús. kr. lækkun. Halli Skipaútgerðar ríkisins er áætlaður 5 700 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1969, og er þá meðtalið sérstakt 2 000 þús. kr. framlag til tækjakaupa. Orsökina er annars vegar sú, að hluti af kostnaði við skrifstofuhald færir á hina sameiginlegu útgerðarstjórn, sbr. aths. við næsta lið hér á eftir, og hins vegar er lækkunin byggð á eftirfarandi forsendum: Herðubreið verði seld, þegar síðara strandferðaskipið, sem nú er í byggingu, verður tekið í notkun, væntanlega haustið 1970, og farmgjöld verði hækkuð um 10% um næstu áramót. Á hinn bóginn hækkar framlag til byggingar strandferðaskipa um 5 000 þús. kr.

325 **Rekstrardeild ríkisskipa.** Eins og kunnugt er hefur verið komið á sameiginlegri útgerðarstjórn skipa ríkisins, og annast rekstrardeild ríkisskipa það hlutverk. Er hér um að ræða sameiginlegt fjár- og reikningshald, innkaup, launamál og kjarasamninga, eftirlitsstörf með viðgerðum og önnur sameiginleg mál. Kostnaður er áætlaður 3 729 þús. kr. árið 1970. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir þeim sparnaði, sem af stofnun deildarinnar leiðir, enda má gera ráð fyrir, að sá sparnaður komi fyrst og fremst fram á rekstri skipanna. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna þá lækkun, sem leiðir af hagræðingu í útgerð skipanna, skipulagsbreytingu og stofnun rekstrardeildar ríkisskipa:

	Þús. kr.
Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins í fjárl. 1969	29 000
Rekstrarhalli Skipaútgerðar ríkisins í fjárl.frv. 1970, þ. e. 23 300 þús. kr. ÷ 2 000 þús. kr., sem er vegna tækjakaupa	21 300
	Lækkun rekstrarhalla 7 700
Niður fellur greiðsla Landhelgisgæzlu fyrir bókhalds- þjónustu	1 500
	Samtals 9 200
Kostnaður við rekstrardeild ríkisskipa	3 729
	Nettólækkun 5 471

Eins og fyrr segir er erfitt að setja fram tölulega hreinan sparnað vegna starfsemi rekstrardeildar. Framangreind lækkunartala felur m. a. í sér vissar ákvarðanir varðandi Skipaútgerð ríkisins, sem ekki geta talizt afleiðing af

- starfsemi deildarinnar, svo sem hækkun farmgjalda. Á móti því kemur, að í kostnaðartölu rekstrardeildar eru meðtaldar verðlagsuppbætur á laun o. þ. h., og auk þess má á það benda, að með tilkomu deildarinnar er verulegum störfum létt af útgerðarstjórn rannsóknaskipanna, þótt engin tala sé tíunduð þess vegna í yfirlitinu. En fullyrða má, að reynslan af starfsemi deildarinnar hafi þegar leitt í ljós, að með þessari nýskipan mála sé að vænta verulegs ávinnings í þeim sameiginlegu útgerðarmálum, sem deildin fjallar um.
- 331 **Vita- og hafnamál, aðalskrifstofa.** Framlag hækkar um 1 001 þús. kr., þar af verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 588 þús. kr., en ýmsir kostnaðarliðir, þ. m. t. húsaleiga og ferðakostnaður, 413 þús. kr.
- 332 **Vitamál.** Á liðnum kemur fram 2 192 þús. kr. hækkun, launatengd gjöld og verðlagsuppbætur nema 646 þús. kr., en að öðru leyti á hækkunin rætur að rekja til hækkunar launasamnings við vitaverði.
- 333 **Hafnamál.** Fjárhagsáætlun er miðuð við hafnaáætlun, sem lögð var fyrir síðasta Alþingi með þeim undantekningum, að endurgreiðslur landshafnalána eru hækkaðar til samræmis við nýjustu upplýsingar, og framlag til hafna-bótasjóðs er hækkað um 9 000 þús. kr. Helztu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru þessar: Framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 4 415 þús. kr. Í stað liðarins „Hafnalán“, sem fól í sér vaxtagreiðslur af landshafnalánum í fjárl. 1969, kemur inn nýr liður, „Landshafnir, framlag“, sem inniheldur bæði vaxtagreiðslur og afborganir. Á liðnum kemur fram 29 385 þús. kr. hækkun, en þar sem afborganir af landshafnalánum voru 25 595 þús. kr. í fjárlögum, er raunveruleg hækkun 3 790 þús. kr. Liðurinn „hafnarmannvirkí, eftirstöðvar framlaga“, hækkar um 800 þús. kr., framlag til hafna-bótasjóðs um 9 000 þús. kr., eins og fyrr greinir, og inn er tekinn nýr liður „sjóvarnargarðar“, færður af atvinnumálaráðuneytinu, 850 þús. kr. Loks er smávægileg hækkun vegna hafnarannsóknna og mælinga, 7 þús. kr. Á þennan hátt kemur fram 44 457 þús. kr. hækkun á framlögum til hafnamála, en sé tekið tillit til tilfærslu afborgana af landshafnalánum og framlagi til sjóvarnargarða, reynist raunveruleg heildarhækkun 18 012 þús. kr.
- 351 **Ferðamál.** Liðurinn hækkar um 429 þús. kr., þar af 400 þús. kr. salernisfé, þ. e. til að bæta úr slíkri aðstöðu á ferðamannastöðum. Til þess voru veittar 250 þús. kr. á liðnum „Gisti- og veitingastaðaeftirlit“, sem nú er á liðnum „Heilbrigðis- og mjólkureftirlit“ undir landlækniseimbætti. Að öðru leyti er um að ræða eðlilegar verðlagsbætur á laun o. þ. h.
- 351 **Veðurstofan.** Fjárveiting er áætluð 10 626 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1969, þar af 10 000 þús. kr. framlag til að hefja byggingu nýs húss fyrir stofnunina. Er þetta orðið mjög brýnt verkefni vegna starfsemi veðurstofunnar sjálfrar, og enn fremur vegna húsnæðisvandráða annarra stofnana, er hafa starfsemi í sjómannaskólahúsinu, þar sem veðurstofan nú er. Þegar tekið er tillit til verðlagsuppbótar á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn, samtals 2 557 þús. kr., verður ljóst, að rekstrarframlag lækkar raunverulega um 1 931 þús. kr., en útgjöld munu nokkuð ofáætluð í fjárlögum 1969.
- 356 **Landmælingar.** Framlag til landmælinga hækkar um 903 þús. kr. Verðlagsuppbætur og launatengd gjöld nema 335 þús. kr., framlag til kaupa á frumgögnum. Íslandskorta hækkar um 225 þús. kr., en afgangur hækkunarinnar, 343 þús. kr., kemur fram á ýmsum rekstrarliðum, þar sem fjárveiting mun vera í tæpasta lagi í fjárlögum 1969.
- 358 **Skipaskoðun ríkisins.** Af þeirri 827 þús. kr. hækkun, sem áætluð er til þessarar stofnunar, nema verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 717 þús. kr., en afgangurinn, 110 þús. kr., er vegna ýmissa rekstrarliða.
- 371 **Flugmálastjórn.** Framlag hækkar um 11 595 þús. kr. og eru 6 197 þús. kr. af þeirri hækkun vegna endurgreiðslu framkvæmdalána. Af mismuninum, 5 398 þús. kr., nema verðlagsuppbætur og launatengd gjöld 4 009 þús. kr. Þar sem

- tekjur lækka um 2 119 þús. kr., verður nettólækkun á öðrum rekstrarliðum 730 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir áframhaldandi ráðstöfunum til lækkunar kostnaðar á Reykjavíkurlflugvelli, einkum hjá slökkviliði.
- 402 **Rannsóknastofnun iðnaðarins.** Á þessum lið verður 911 þús. kr. hækkun. Heimiluð er ráðning málmíðnaðarsérfræðings, 241 þús. kr., launatengd gjöld og verðlagsuppbætur eru 622 þús. kr., og aðrir liðir hækka um samtals 48 þús. kr.
- 403 **Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.** Launaliður hækkar um 1 540 þús. kr. Eru þá meðtalín laun starfsfólks, sem unnið hefur í stofnuninni, og greidd hafa verið af eigin tekjum stofnunarinnar, sem ekki hafa heldur komið fram í fjárlagaáætlunum. Er hér um að ræða launagjöld að fjárhæð 1 000 þús. kr. og eru tekjur hækkaðar að sama skapi. Launatengd gjöld og verðlagsuppbætur nema 540 þús. kr. og aðrir rekstrarliðir hækka um samtals 64 þús. kr., þannig að fjárveiting ríkissjóðs hækkar um 604 þús. kr.
- 499 **Iðja og iðnaður, framlög.** Liðurinn hækkar um 300 þús. kr. vegna eflingar iðnþróunar.

08 Viðskiptaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 607 þús. kr., þar af launatengd gjöld og verðlagsuppbætur 459 þús. kr. og nefndakostnaður o. fl. 148 þús. kr.
- 201 **Niðurgreiðslur á vöruverði** lækka um 18 290 þús. kr. og er þá tekið tillit til þeirrar neytluminnkunar dilkakjöts, sem orðið hefur á þessu ári, en gera má ráð fyrir, að fjárveiting reynist allt að 50 millj. kr. of há í ár.
- 902 **Verðlagsskrifstofan.** Hækkunin, 719 þús. kr., á eingöngu rætur að rekja til verðlagsuppbóta á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.
- 999 **Ýmis önnur mál.** Á liðnum verður 268 þús. kr. hækkun vegna vörusýninga erlendis.

09 Hagstofa Íslands.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 815 þús. kr., þar af 685 þús. kr. vegna launatengdra gjalda og verðlagsuppbóta, en að öðru leyti stafar hækkunin að mestu af kostnaðaraukningu vegna aðalmanntals, sem fara á fram árið 1970.

10 Ríkisendurskoðun.

Framlag hækkar um 950 þús. kr., og skýrist sú hækkun að fullu af verðlagsuppbótum á laun og færslu launatengdra gjalda á liðinn.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN OG FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

